

*Karl Marx og
Friedrich Engels:*

Kommúnistáávarpið

KARL MARX OG FRIEDRICH ENGELS:

KOMMÚNISTAÁVARPIÐ



ÚTGEFANDI: JAFNAÐARMANNAFÉLAGIÐ
AKURYRI — PRENTSMÍÐJA ODDS BJÖRNSSONAR — MCMXXIV

EFNISYFIRLIT.

	Bl.
Inngangur	3
Formálar	11
Ávarp kommúnistaflokksins	21
I. <i>Audmenn og þreigalyður</i>	22
II. <i>Kommúnistar og þreigalyðurinn</i>	42
III. <i>Bókmentir sósíalista og kommúnista</i>	56
1. <i>Afturhaldssósíalisminn</i>	56
a. <i>Aðalssósíalisminn</i>	56
b. <i>Smáborgaralegi sósíalisminn</i>	59
c. <i>Þýski eða »sanni« sósíalisminn</i>	61
2. <i>Íhaldssósíalisminn eða borgaralegi sósíalisminn</i>	66
3. <i>Hugvits-sósíalisminn og kommúnisminn</i>	68
IV. <i>Afstæða kommúnista til framsóknarflokkanna</i>	73

Inngangur.

Kommúnistaávarpið er þriggja aldarfjórðunga gamalt. Það birtist í fyrsta sinn á prenti í ársbyrjun 1848 eða nokkrum vikum áður en Febrúarbyltingin hófst í París. Byltingin breiddist óðfluga út um Mið- og Suður-Evrópu. Dagar aðalsins virtust vera taldir; borgarastjettin var að brjótast til valda. En bak'við hana risu byltingaröflin úr undirdjúpum þjóðfélagsins. Verkalýðurinn var að vakna. Yfirstjettunum brá illa í brún. Fyrir þær báðar var rauða hættan jafn ægileg. Í einu veffangi ljetu þær allan ágreining niður falla. Byltingunni, sem byrjað hafði sem barátta milli borgarastjettar og aðals, lauk með sameiginlegri herferð beggja gegn verkalýðnum.

Sagan hafði þegar veitt Kommúnistaávarpinu fyrstu stóru staðfestinguna. Stjettabaráttan milli borgarastjettarinnar og verkalýðsins varð á þessu ári öllum augljós.

Í byltingunni höfðu verkalýður og sósíalismi í fyrsta sinn fylgst að. Kommúnistaávarpið er «fæðingarvottorð verkalýðssósíalismans». Byltingin 1848 blóðskírni hans.

Kommúnistaávarpið táknar tímamót í sögu verkalýðshreifingarinnar og sósíalismans. Til þess að geta skilið

á meðal þeirra mentaðir, rjettlátir og göfuglyndir menn?« (Cabet). Svo þegar almenn viðurkenning er fengin, verður tekið upp skipulag sósíalísmans. Þá rennur upp gullöld mannkynsins. Það er heimsku manna að kenna, að hún er ekki runninn upp fyrir löngu. En nú hafa þeir, hugvítssósíalístarnir, fundið upp skipulagið, sem víð á, og þá er líka öll ógæfa mannkynsins á enda.

Þessu næst byrjuðu sumir þeirra að útbreiða kenningar sínar, aðrir að gera tilraunir. Þeir stofnuðu samcignarfjelög, vöruskiftabanka o. s. frv., en allt kom fyrir ekki. Auðmennirnir voru ekki eins órlátir á fjárstyrk eins og gert hafði verið ráð fyrir, og borgarastjettin leit allar þessar kenningar og tilraunir illu auga. Hún var ánægð með skipulagið eins og það var, og vildi í engu til breyta. Og hugvítssósíalístarnir tóku því fjarri, að verkalyðurinn tæki að sjer að þera kenningar þeirra til sigurs. Af því hefðist aðeins ófriður og böl. »Vörumst um fram allt að beita valdi. Það sannfærir engan, og er ósæmandi málstað rjettlætsins« (Godwin). Stjettabaráttan var þeim þyrnir í augum. Sósíalísminn væri veltedarmál allra undantekningarlaust.

Hugvítssósíalístunum varð ekki að trú sinni. Þeir þektu ekki þau öfl, sem eru að verki í þjóðfjelaginu. Þeir sáu ekki, að einmitt í neyð verkalyðsins er fálinn visir byltingarhreitlingarinnar, sem rifur til grunna gamla þjóðfjelagsskipulagið og brýtur öðru braut, þar sem allri neyð er útrýmt. Veruleiki söguþróunarinnar var þeim hulinn, og fyrir þá sök hlutu allar tilraunir hugvítssósíalísmans að mishepnast. Mið eina varanlega gildi hans var í því fólgið, að hann fletti vægðarlaust ofan af meinsemdum borgaralega þjóðfjelagsins og bjó svo í haginn fyrir Marxísmann.

Hugvítssósíalísminn hafði helst viljað ausa moldu alla söguþróunina. Framtíðarskipulag manna væri að engu leyti undir henni komið. Nú urðu svo endaskifti á þessu, að söguþróunin bar stefnu þessa á stuttum tíma með öllu ofurliða.

Verkalyðurinn hafði á fyrstu áratugum borgaralega þjóðfjelagsins vaxið ótrúlega að afli. Hann fór þegar eftir 1830 að hrísta svo hlekkina, að yfirstjettunum stóð stuggur af. Enn voru verkalyðsforingjarnir engir sósíalístar, og gerðu sig þó seka um sömu villuna og hugvítssósíalístarnir. Þeir hjeldu að takast mætti að snúa við söguþróuninni. Aðalkröfur verkalyðshreitlingarinnar voru enn í því fólgnar, að tekið væri upp aftur gamla atvinnurekstrarskipulagið. Neyð verkalyðsins yrði ekki öðruvísi alstýrt en með því að kyrkja auðvaldið í fæðingunni. Í veruleikanum fylgdi verkalyðurinn kröfu þessari þannig fram, að hann braut nýju vinnuvjelarnar og brendi verksmiðjurnar. Auðvitað var hann engu nær. En þótti verkalyðurinn væri hjer á villugötum, gat enginn efi lengur leikið á því, hver framtíðaröfl í honum bjuggu, og hvílik afglöp hugvítssósíalísminn hafði gert sig sekan um, er hann synjaði stjettabaráttunni viðurkenningar.

Á síðasta áratug fyrra aldarhelmingisins koma nú fram nýir menn, sem fara sjer þessa reynslu í nyt. Langt fram úr öllum öðrum sköruðu á þessu sviði þeir Karl Marx og Friedrich Engels, báðir fæddir í Þýskalandi. Það, sem sósíalístana í Vestur-Evrópu vantaði, fluttu þeir með sjer úr heimahögnum. Það var sögu-speki Hegels. Hún var í því fólgin, að öll sagan væri síðug þróun frá hinu lægra til þess æðra, að þessi þróun færi fram með þeim hætti, að sjerhvert stig hennar bæri í sjer mótsetningu sína, og baráttan, sem upp

af því sprytti, fæddi af sjer næsta stig fyrir ofan og svo koll af koll. Þar með hafði þróunarkenningin rutt sjer braut í söguvísindunum. Að vísu leitaði Hegel ekki þróunaraflanna í lífi manna hjer á jörðinni, og að því leyti stóð kenning hans öll á höfði eins og Marx sagði. En úr því mátti bæta með því að »hafa á henni endaskifti.« Þessa söguskoðun höfðu þeir Marx og Engels drukkið í sig heima, og nú, þegar þeir komust í kynni við borgaralega þjóðfelagið, sósíalísmann og verkalyðshreífinguna í Vestur-Evrópu, sáu þeir fyrst í allri alvöru, hvers virði hún var.

Án þess að þekkjast höfðu þeir Marx og Engels, hvor í sínu lagi, áunar í París, hinn í Manchester, komist að sömu niðurstöðu um þróunaröfl sögunnar og einkum um rætur og þróun borgaralega þjóðfelagsins. Þegar fundum þeirra bar saman í París haustið 1844, voru þeir báðir orðnir ákveðnir kommúnistar í þeim skilningi, sem nú er lagður í það orð. Þar með var grundvöllur tenginn fyrir vináttu þeirra og samvinnu, sem hjelst óslitin upp frá því og alt þar til dauðinn skildi þá. Sagan getur varla um betra eða ávaxtarikara vináttusamband en milli þessara tveggja manna.

Við rannsóknina á sögunni og þjóðfelagsbögum sinna tíma komust þeir Marx og Engels að þeirri niðurstöðu að öll saga líðinna tíma, »að forsögunni einni undantekinni, væri saga um stjettabaráttu, og að stjettarnar hefðu einatt mótast af framleiðsluháttum og samgöngutækjum sinna tíma«, með öðrum orðum, »framleiðsluskipulagið væri á sjerhverju tímabili grundvöllurinn, sem stjórnarskipun, rjettarhugmyndir, helmspekis-skodanir, trúarbrögð og allur hugsunarháttur manna setti rætur sínar til að rekja.« Samkvæmt því er sósíalísminn ekki til orðinn í heila hánna eða þessara vitr-

inga, heldur sprottinn upp af stjettabaráttunni milli borgarastjettarinnar og öreigalyðsins. Þegar þetta er augljóst orðið, hætta sósíalístarnir að brjóta hellann um framtíðarskipulagið. Þeirra hlutverk er aðeins að gera sjer grein fyrir veruleikanum, þróuninni, sem fram er að fara fyrir augum þeirra, og ganga í heumar þjónaustu.

Hjer hefir verið sett fram í svo stuttu máli sem unt er söguskoðun Marxísmans. Hún er grundvöllurinn, sem öll frekari starísemi þeirra Marx og Engels byggðist á. Þeir hófu nú margra ára rannsóknir á eðli og þróun andvaldsins, og komust að þeirri niðurstöðu, »að stjettabaráttan væri komin á það stig, að undirökada stjettin gæti ekki losað sig af klafanum nema því aðeins, að hún gerði um leið enda á allri undirökun og stjettabaráttu.« Þetta er þungamiðja Marxísmans. Samkvæmt stöðu sinni í söguþróuninni er verkalyðurinn til þess kallaður að frelsa mannkynið frá eynd og undirokun. En hann getur það með því elau móti, að hann brjótist til valda, bæli niður mótspyrnu borgarastjettarinnar og taki upp sameign á framleiðslutækjunum. »Ekkert þjóðfelagsakípulag hefir enn fæðst öðruvísi en með aðstoð öfbeldisins« (Marx).

Þetta voru kenningarnar, sem Kommúnistaávarpið hafði fram að bera. Undir merki sósíalísmans vinnur verkalyðurinn sigur! Og nú undrast enginn, þótt það hafi verið kallað fæðingarvottorð nútímasósíalísmans. En jalu merkileg tímamót táknar Kommúnistaávarpið í sögu verkalyðshreífingarinnar. Síðan 1848 er takmark hennar ekki lengur úrelt skípulag aftur í fortíð heldur sameignarþjóðfelag framtíðarinnar. Leiðin til þess liggur yfir borgaralega þjóðfelagið. Sú leið hefir verið þyrnum stráð. Hver einasta tilraun verkalyðsins til að

losa sig af klafanum hefir verið bæld niður í ótrúlegu grimdaræði. Og þó getur enginn ósigur hnekt fram-sókn hans. Því þróunin er í liði með honum. —

Engin bók, sem rituð hefir verið um þjóðfélagsmál-efni, lýsir viðtækari og dýpri skilningi á þróunarlögum þjóðfélagsins en Kommúnistaávarpið. Og engin hefir á þessu sviði annan eins vísðóm að geyma í jafn stuttu máli og jafn snildarlegri framsetningu. Þekking höf-undanna á fortíð og nútíð opnaði þeim framtíðina. Enda þótt ritíð væri samið mörgum áratugum áður en auðvaldsskipulagið hafði náð mestum blóma, bregður það svo skæru ljósi yfir framtíð og endalok þessa skipu-lags að furðu sætir. Höfundarnir hafa oft verið kallað-ir spámenn. Það er ekki rjett. Þeir voru vísindamenn. Við, sem nú lifum, vitum hve glögt þeir hafa sjeð. Það, sem fundið hefir verið að Kommúnistaávarpinu, snerfir alt aukaatriði. Allir aðaldrættir þess standa ó-haggaðri í dag en nokkru sinni fyr. Til þess að saun-færa sig um það nægir að minnst þess eins, að nú, á 75 ára afmæli Kommúnistaávarpsins, er verkalýðs-byllingin þegar hafin og búið að kollvarpa auðvaldinu í stærsta landi Norðarállunnar. Viðsvegar annarsstaðar er stjettabaráttan komin á hástíg. Sem stendur má deila um það, hve lengi auðvaldið geti varist. Engu að síður er þó þessi reynsla fullkomin staðfesting á Marxísmanum og jafnframt rothöggið fyrir borgaraleg þjóðfélagsvísindi.

Fyð.

Formálar.

I.

Á fundi, sem haldinn var í London í nóvember 1847, fól »Kommúnistasambandið«, alþjóðlegt verkamanna-samband, sem þá auðvitað varð að vera leyntilegt, undirrituðum að semja til birtingar fyrir öllum almenn-íngli flokksyfirlýsingu, sem gerði ítarlega grein fyrir skoðunum flokksins og stefnuskrá. Þannig er eftirfar-andi ávarp til orðið. Handritið var sent til London til prentunar nokkrum vikum áður en Febrúarbyllingin braust út. Fyrst var það birt á þýsku og síðan gefið út á þeirri tungu í Þýskalandi, Englandi og Ameríku í 12 mismunandi útgáfum. 1850 kom það út í »Red Republican« í London í enski þýðingu eftir Miss Helen Macfarlane. 1871 komu út þrjár þýðingar á því í Ame-riku. Á frönsku var það gefið út í fyrsta sinn rjett fyrir Júníuppreistina og aftur fyrir skömmu í »Le Socialiste« í New York. Nýja þýðingu er verið að undirbúa. Pólsk þýðing var gefin út í London skömmu á eftir fyrstu þýsku útgáfunni. Í Öeni birtist það á rússnesku milli 1860 og 1870. Sömu leiðis á dönsku nokkru eftir, að það birtist í fyrsta sinni.

Enda þótt ástandið hafi tekið mjög miklum breyt-

ingum á síðasta aldarfjórðungi, hafa öll aðalatriði ávarpsins haldið gildi sínu allt fram á þennan dag. Einstök atriði mætti þó bæta hjer og þar. Í ávarpinu sjálfu stendur, að notkunin á grundvallarkeningum þess fari alstaðar eftir þeim sögulegu skilyrðum, sem fyrir hendi sjeu. Þess vegna er og engin sjerstök áhersla lögð á byllingarráðstafanir þær, sem talðar eru upp í lok II. kaflans. Þær myndu að mörgu leyti líta öðruvísi út nú. Þegar lítið er á risaframlarir síðustu 25 ára í iðnaðinum og pólitísku verkamannaflokkana, sem þær hafa fætt af sjer; ef tekið er tillit til reynslu Febrúarbyllingarinnar og umfram alt Parisarkommúnunar, þar sem öreigalyðurinn hafði í fyrsta sinn um tveggja mánaða tíma ríkisvaldið í höndum, verður að skoða þessa stefnuskrá sumstaðar sem úrelta. Einkum hefir Parisarkommúnán sannað, að »verkalýðurinn getur ekki blátt áfram tekið borgaralegu ríkisvöldin í sínar hendur og notað í sína þágu«. (Sjá »Borgarastjryöldin í Frakklandi, Ávarp frá alsherjarráði Alþjóðasambands verkamanna,« þýsk útgáfa, bls. 19, þar sem frekari grein er gerð fyrir þessu.) Enntremur er skýrgreiningin á bókmentum sósíalista að sjálfögðu ófullkomin, þar eð hún nær ekki lengra en til ársins 1847; einnig það, sem sagt er um afstöðu Kommúnista til framsóknarflokkanna (IV. kafli). Enda þótt það sje í aðalatriðum rjett, getur það ekki lengur átt við sökum þess, hve stjórnmálaástandið hefir breyst síðan. Flesta af þeim stjórnmálaflokkum, sem þar eru taldir upp, hefir viðburðarásin þegar skolað burt af sviði sögunnar.

En sökum þess, að ávarpið er nú orðið sögulegt skjal, finst okkur við ekki hafa rjett til þess að breyta því. Ef til vill verður það seinna getið út með innangangi, þar sem gerð verði grein fyrir þróuninni á tím-

anum, sem liðinn er, síðan 1847. Þessi prentun komi of óvænt til þess að okkur ynnist tími til þess að sinni.

London, 24. Júní 1872.

Karl Marx. Friedrich Engels.

II.

Því miður verð jeg einn að undirrita formála þessor- ar útgáfu. Marx, maðurinn, sem gervöll verkalýðsstjettin í Evrópu og Ameríku á meira að þakka en nokkrum öðrum — hvílir nú í Highgatekirkjugarðinum, og grasið er að byrja að vaxa á grófi hans. Eftir fráfall hans getur ekki komið til mála að breyta ávarpinu nje bæta við það. En því nauðsynlegra álit jeg, að taka enn einu sinni skýrt fram það, sem hjer ter á eftir.

Grundvallaratriði ávarpsins: að efnisleg framleiðsla hvers tímabils og stjettaskiftingin, sem upp af henni hlýtur að spretta, sje undirstaða stjórnarskipulagsins og andlega lífsins; að öll sagan hafi samkvæmt því (síðan eldgamla sameignarskipulagi á jörðinni lagðist niður) verið saga um stjettabaráttu milli kúgara og kúgaðra, yfirstjetta og undirstjetta; að þessi báráttu sje nú komin á það stig, að undirokaða stjettin (öreigalyðurinn) geti ekki losað sig undan oki yfirstjettarinnar (borgarastjettarinnar) án þess að losa glt mannkynið úr læðingi kúgunarinnar og stjettabaráttunnar — alt þetta hefir Marx einn leitt í ljós.¹⁾

¹⁾ Í formálanum fyrir ensku þýðingunni hefi jeg skrif- að: »Löngu fyrir 1845 vorum við þegar báðir á

Jeg hefi áður oft lýst þessu yfir; en nú er einmitt nauðsynlegt, að láta það fylgja ávarpinu sjálfu.

London, 29. júní 1883.

F. Engels.

III.

Síðan jeg skrifaði það, sem hér fer á undan, hefir það komið í ljós, að ein vantaði þýska útgáfu af ávarpinu, og hitt og þetta við borið því viðvíkjandi, sem hér verður að segja frá.

Önnur rússneska þýðingin — eftir Veru Sassulitsch — kom út í Oení 1882. Formála þeirrar þýðingar skrifuðum við Marx. Því miður hefi jeg glatað handritinu og verð því að þýða hann úr rússnesku; honum fer varla fram við það. Formálinn hljóðaði svo:

»Fyrsta rússneska útgáfan af »Ávarpi kommúnistaflokksins« í þýðingu Bakúnins kom út rjett eftir 1860 í prentsmíðju blaðsins »Kolokol«. Fyrir Vesturlönd gat rússnesk útgáfa þessa rits á þeim tíma ekkert gildi annað haft en bókmentagildi. Nú stenst þessi skoðun

leiðinni að þessari niðurstöðu, sem að mínu áliti er eins mikil framför í söguvísindum eins og Darwinskenningin í náttúruvísindunum. Að hve miklu leyti jeg hafði unnið sjálfstætt í þessu efni sýnir bók mín um »Lífskjör verkalýðsins í Englandi«. Þegar jeg hitti Marx aftur í Brüssel vorið 1845, var hann til fulls kominn að þessari niðurstöðu og skýrði hana fyrir mjer í jafn glöggum orðum og jeg hefi hér notað.

ekki lengur. Síðasti kafli þessa rits, »Afstaða kommúnista til framsóknarflokka«, sýnir best, hversu litla útbreiðslu verkalýðshreifingin hafði, þegar það var gefið út í fyrsta sinn (janúar 1848). Þar vantar einkum Rússland og Bandaríkin. Rússland var þá síðasta, trausta vigið, sem afturhaldið átti í Evrópu, og Bandaríkin tóku við þeim verkamönnum, sem ekki komust þar fyrir. Þæði þessi lönd sáu Evrópu fyrir hráefnum og keyptu svo af henni iðnaðarvörurnar. Þau virtust þannig hvort á sinn hátt helstu stóðir ríkjandi þjóðfélagskipulags í Evrópu.

Á þessu er orðin stórfeld breyting. Í Norður-Ameríku hefir útflytjendastraumurinn valdið slíkum risaframförum í akuryrkjunni, að jarðeigendurnir í Evrópu, bæði stórir og smáir, eiga í fullu lagi í samkeppinni. Af sömu ástæðum hefir stóriðnaðurinn þar orðið fær um að hagnýta sjer auðlindir landsins í svo ríkum mæli, að iðnaðaralæði Vestur-Evrópu hlýtur að taka enda innan skamms. En samtímis skapa þessar breytingar byltingaröflin í Ameríku sjálfri. Smábændurnir, sem hafa verið helsta stöð núverandi stjórnaarskipulags í Ameríku, þola ekki samkeppnina við stóru landbúnaðarfyrtækin. Í iðnaðarhjeruðunum safnast ótrúlegur auður í einstakra manna hendur, og óreigalýðurinn þýtur upp.

Litum á Rússland. Í byltingunni 1848—1849 skoðuðu ekki einasta einvaldskonungarnir heldur og auðmennirnir í Evrópu það sem einu björgunarvönina, að Rússland skærast í leikinn og bældi niður óreigalýðinn, sem var að vakna til meðvitundar um mátt sinn. Rússakeisari var alment viðurkendur foringi afturhaldsins. Nú situr hann í Gatschina sem herfangi byltingarmannanna,

og Rússland er orðið forvigi byltingarhefingarinnar í Evrópu.

Hlutverk Kommúnistaávarpsins var að lýsa því yfir, að dagar borgaralega eignarrjettarins væru taldir. En í Rússlandi er meirihlutinn af jörðinni ennþá sameign bændanna, enda þótt borgaralegi jarðeignarrjetturinn sje þegar farinn að gera vart við sig og auðvaldinu fleygi fram.

Allt veltur nú á þessu: Getur sameign rússnesku bændanna á jörðinni, þessi eftirlifð gamla sameignarskipulagsins, breyst í kommúnisma án altra millistiga, eða verður Rússland að ganga sömu götur þróunarinnar og Vestur-Evrópa?

Eina svarið, sem hægt er að gefa eins og nú stendur, er þetta: Ef byltingin í Rússlandi verður upphaf verkalyðs-byltingarinnar í Evrópu þannig, að báðar taki höndum saman, getur sameign rússnesku bændanna á jörðinni orðið byrjunarstigidi í þróun kommúnismans.

London, 21. janúar 1892.

Um sama leyti kom út ný pólsk þýðing í Genf: Manifest kommunistyczny.

Ennfremur kom út ný dönsk þýðing í »Socialdemokratisk Bibliothek, Kjöbenhavn 1885«. Því miður er hún ekki fullkomin. Nokkrum setningum, sem virðast hafa verið þýðandanum of erfiðar, er slept, og viðsvegar má sjá merki um ljóflærni. Það er því leiðara, þegar maður sjer á öðrum hlutum þýðingarinnar, að verkið hefði getað orðið ágætt, með ofurlitid meiri vandvirkni fé þýðandans hálfu.

1886 kom út ný frönsk þýðing í »Le Socialiste«, Paris; hún er sú besta, sem enn hefir sjest.

Sama ár kom út spönsk þýðing í blaði einu í Madrid »El Sozialista.« Síðar var hún birt sem bæklingur: Manifesto del Partido Comunista par Carlos Marx y F. Engels, Madrid, Administracion de El Sozialista, Hernan Cortés S.

Til gamans skal þess getið, að 1887 var bókaútgafanda nokkrum í Konstantínópel boðin armenísk þýðing á ávarpinu. En hann þorði ekki að prenta ritið með nafni Marx, og fór fram á við þýðandann, að hann nefndi sjálfan sig sem höfund. Til þess var þó þýðandinn ekki fánlegur.

Fram að árinu 1888 var í Ameríku engin áreiðanleg útgáfa til af ávarpinu. Hinsvegar höfðu margar amerískar þýðingar þegar verið prentaðar í Englandi, en þær voru meira eða minna rangar og óvandaðar. Loks 1888 kom út ný, vönduð þýðing eftir vin minna Samuel Moore. Áður en hún var prentuð lásum við hana yfir sameiginlega. Kverið heitir: Manifesto of the Communist Party, by Karl Marx and Frederick Engels. Authorized English Translation, edited and annotated by Frederick Engels. 1888. London, William Reeves, 185 Fleet st. E. C. Nokkrar af athugasemdunum hefji jeg tekið upp í þessa útgáfu.

Ávarpið á sjer þegar sögu. Þegar það birtist í fyrsta sinn var því tekið með fögnuði miklum af brautryðjendahóp vísindalega sósíalismans. Þetta má sjá á þýðingunum, sem taldar eru upp í fyrsta formálanum. En þegar afturhaldið náði yfirhöndinni eftir ósigur verkalyðsins í París í júní 1848 fór strax að bera minna á því, og loks var það með öllu bannað, eftir að dómurinn hafði verið kveðinn upp yfir kommúnistunum í Köln í nóvember 1852. Ávarpið sætti sömu órlögum og verkalyðshreifingin, sem vaknað hafði í Febrúarbyltingunni.

Þegar verkalýðurinn í Evrópu hafði safnað nýjum kröftum til ársár á yfirstjettina, var Alþjóðasamband verkamanna stofnað. Takmark þess var að safna öllum verkamönnum í Evrópu og Ameríku saman undir eitt merki. Það gat því ekki samið sig að grundvallarreglum ávarpsins. Stefnuskrá þess varð að vera svo rúm, að enskir Trade Unionistar, franskir, belgískir, ítalskir og spánskir Proudhonistar, svo og áhangendur Lassalle í Þýskalandi¹⁾ gætu aðhlyst hana. Allir, jafnvel Bakúin og stjórnleysingjarnir, viðurkendu, að Marx hefði tekið meistaralega að semja stefnuskrá Alþjóðasambandsins. Marx efaðist ekki um, að þekkingin og reynslan, sem verkalýðurinn tetti eftir að öðlast í sameiginlegri starfsemi og deilum, myndu safna honum öllum um stefnu Kommúnistaávarpsins. Baráttan gegn auðvaldinu, ósigrarnir jafnvel fremur en sigarnir, hlaut að sýna verkamönnum svart á hvítu, hve gagnslaus undralýfin gömlu væru, og hvað til þess þyrfti að losa verkalýðinn af klafanum. Og Marx skjálfaðist þar ekki. Verkalýðurinn var allur annar 1874, þegar Alþjóðasambandið hætti að starfa, en 1864, þegar það var stofnað. Fyrir stefnum þeirra Proudhons í rómönsku löndunum og Lassalle í Þýskalandi var hver síðastur. Afturhaldssömu verkalýðsfjelögum í Englandi var jafnvel svo fram farið, að fundarstjóri þeirra í Swansea

¹⁾ Fyrir okkur viðurkendi Lassalle altá, að hann væri »lærissveinn» Marx. Auðvitað hlaut hann þá að aðhyllast Kommúnistaávarpið. »Öðru máli er að gegna um þá áhangendur hans, sem aldrei fóru fram á meira en framleiðslufelög með ríkisstyrk og skiftu öllum verkalýðnum í tvo flokka, fylgismenn framleiðslufelaganna og ríkisstuðningsins og almenna samvinnumenn.

1887 gat sagt: »Sósíalisminn á meginlandinu er ekki lengur neitt ægilegur í okkar augum». En meginlands-sósíalisminn aðhlyttist þá nær eingöngu kenningar Kommúnistaávarpsins. Þannig endurspeglar saga þessarar bókar að nokkru leyti sögu verkalýðshreifingarinnar síðan 1848. Nú er hún vafalaust útbreiddasta og alþjóðlegasta ritið, sem til er, í öllum bókmentum sósíalismans. Merki þess er nú haldið uppi af mörgum miðjónum verkamanna í öllum löndum austan úr Sibiríu og vestur í Kaliforníu.

Þegar það kom út, helðum við þó ekki mátt nefna það Sósíalistaávarpið. »Sósíalistar» þýddi tvent árið 1847. Annarsvegar áhangendur hinna ýmsu kerfa hugvits-sósíalismans, einkum Owenistar í Englandi og Fourieristar í Frakklandi. Þó voru beggja dagar þá þegar taldir. Hinsvegar alskonar þjóðfjelagsskottulækna, sem vildu lækna þjóðfjelagsmeinsmdirnar með hiumum og þessum undralýfjum án þess að róta við auðmagninu og gróðanum. Hvorirtveggja stóðu utan verkalýðshreifingarinnar og kusu heldur að leita styrks hjá »mentuðu» stjettunum. Þeir á meðal verkamanna, sem aftur á móti voru sannfærðir um, að pólitísk bylting væri með öllu ófúlnægjandi, og heimtuðu umsköpun als þjóðfjelagsins, kölluðu sig þá *kommúnista*. Kenningar þessar voru að vísu með öllu óþroskaðar, en þó nógu sterkar til að vekja upp hugvitskommúnisma Cabets í Frakklandi (»Íkaríska» kommúnismann) og Weitlingstefnuna í Þýskalandi. Sósíalisminn var 1847 borgaraleg hreifing, kommúnisminn verkalýðshreifing. Sósíalisminn átti, að minsta kosti á meginlandinu, aðgang að sölum yfirstjettarinnar. Um kommúnismann gat slíkt ekki komið til mála. Og þar eð við vorum

þegar þá orðnir vissir um, »að verkalyðurinn yrði að leysa sig sjálfur«, gátum við ekki verið í neinum efa um það, hvort nafnið ætti að velja. Og síðan hefir okkur ekki heldur dottið í hug að leggja þetta nafn niður.

»Óreiðar í öllum löndum, sameinist!« Aðeins órfáar raddir svöruðu, þegar við ljétum þetta heróp gjalla fyrir 42 árum síðan. Það var rjett áður en byltingin hófst í París og óreiðalyðurinn helmtaði rjett sinn. En 28. september 1864 sameinaðist óreiðalyður flestra Vestur-Evrópulandanna í Alþjóðasambandi verkamanna, sem frægt er orðið. Alþjóðasambandið sjálft liði að visu ekki lengur en 9 ár. En ekkert sannar betur en einmitt dagurinn í dag, að hið eilífa samband óreiðalyðsins í öllum löndum lifir og er þrótmeira en nokkru sinni fyr. Meðan jeg skrifa þessar línur er óreiðalyðurinn í Evrópu og Ameríku að kanna lið sitt, sem í fyrsta sinn hefir verið dregið saman undir eitt merki til að berjast fyrir næsta takmarkinu: löggildingu átta-stundavinnutímans, sem þegar var krafist á fundinum í Genf 1889. Dagurinn í dag mun sýna auðmónum og jarðeigendum allra landa, að óreiðalyðurinn er þegar sameinaður.

Væri nú aðeins Marx hjer til þess að geta notið þessarar sjónar með mjer!

London, 1. maí 1890.

F. Engels.

Ávarp Kommúnistaflokksins.

Alstaðar í Evrópu hefir slegið ógn og ótta á valdhaðana. Orsökkin er útbreiðsla kommúnismans. Heilög ofsókn er þegar hafin gegn honum. Páfinn og Rússakeisari, Metternich¹⁾ og Guizot²⁾, franskir vinstrimenn og þýskir lögreglulíðar eru þar allir samtaka.

Hvar eru þeir stjórnarandstæðingar, sem ekki hefir verið úthúðað fyrir það, að þeir væru Kommúnistar? Hvar sá andstæðingaflokkur, sem ekki hefir borið bæði róttækari flokkum og afturhaldsómum stjórnarfylgiskum hið sama á brýn?

¹⁾ Áhrifamesti stjórnámalamaður Austurríkis og jáhnel allrar Evrópu á fyrri hluta 19. aldar.

²⁾ Nafnkunnur sagnfræðingur og stjórnámalamaður í Frakklandi. Var forsætisráðherra, þegar Febrúar-byltingin hófst.

Tvent verður á þessu sjeð:

Í fyrsta lagi neyðast öll stjórnarvöld í Evrópu til að viðurkenna kraft kommúnismans.

Í öðru lagi er tími til þess kominn, að kommúnistar skýri fyrir öllum heimi skoðanir sínar, takmark og tilgang, og hnekki öllum glæfrasögum, sem ganga um kommúnismann, með yfirlýsingu frá flokknum sjálfum.

Í þessum tilgangi hafa kommúnistar frá ýmsum þjóðum sátnast saman í Londen og sameinast um eftirfarandi yfirlýsingu, sem birt verður á ensku, frönsku, þýsku, ítölsku, flæmsku og dönsku.

I.

Auðmenn og öreigalyður.

Sagan hefir á umliðnum öldum verið saga um stjeltabaráttu¹⁾.

¹⁾ P. e. a. s. ritaða sagan. 1847 var forsaga mannfjellsins, þjóðfjellagsskipulagið, áður sögur hófust, með öllu óþekt. Síðan hefir Haxthausen uppgötvað sameignarskipulagið á jörðinni í Rússlandi, og Maurer sýni fram á, að allir þýsku ættbálkarnir hafi

Frjálsir menn og þrælur, patrisíar og plebejar, aðalsmenn og ánaudugir bændur, meistarar og sveinar; í stuttu máli, kúgarar og kúgaðir hafa altaf staðið öndverðir hvorir gegn öðrum. Þeir hafa háð óslitna baráttu, ýmist leynt eða ljóst. Endirinn hefir einatt orðið sá, að þjóðfjellagið hefir verið umskapað með byltingu, eða báðar stjettir liðið undir lok.

Fyr á tímum skiftist þjóðfjellagið í ýmsar stjettir. Prepin í þjóðfjellagsstiganum voru mörg og ólík. Í Rómarski hinu forna voru patrisíar, riddarar, plebejar og þrælur; á miðöldunum ljensaðall, ljensmenn, meistarar, sveinar og ánaudugir bændur; auk þess afbrigði innan hvorrar stjettar.

Borgaralega þjóðfjellagið, sem reis upp á rústum aðalsskipulagsins, hefir ekki útrýmt stjettamuninum. Það hefir aðeins myndað nýja stjettir í stað

upprunalega lífað við samskonar eignarrjett á jörðinni. Smásaman hefir svo sannast, að sameignarskipulagið hefir upprunalega verið útbreitt í öllum gamla heiminum, frá Indlandi til Írlands. Yfir samneyti og atstöðu manna í þessu skipulagi hefir Morgan brugðið skæru ljósi með rannsóknunum sínum á kynkvísinnum og stöðu þeirra innan ættbálksins. Skifting þjóðfjellagsins í stjettir kemur fyrst upp, er þetta gamla sameignarskipulag liður undir lok. (Engels.)

hinna gömlu, ný kúgunarskilyrði, nýjar bardaga-
aðferðir.

En eitt einkennir núlimann, tímabil borgara-
stjettarinnar. Hann hefir gert stjettaskiftinguna ó-
brotnari. Þjóðfelagið skiftist meir og meir í tvo
stóra, fjandsamlega flokka, tvær algerlega and-
stæðar stjettir: auðmenn og öreigalyð.

Frá ánaðugu miðaldabændunum komu borgar-
arnir í fyrstu verslunarbæjunum. Þar liggja rætur
borgarastjettarinnar.

Fundur Ameríku og sjóleidarinnar til Indlands
opnaði borgarastjettinni nýtt starfsvið. Markaðurinn
í Suður- og Austur-Asíu, landnámið í Ameríku,
vöruskiftin við nýlendurnar, vöxtur framleiðslunnar
og aukning gjaldmiðilsins urðu undirstaða nýrrar
blómaaldar í verslun, siglingum, iðnaði og sem
með vaxandi hraða gróf ræturnar undan gamla
aðalskipulaginu. Það hafði fyrir löngu lifað sitt
besta.

Handverkið, sem rekið hafði verið á aðalssetr-
unum og síðar í gildunum, gat ekki fullnægt þörf-
inni, sem óx um leið og nýir markaðir opnuðust.
Handiðnaðurinn kom í staðinn. Gömlu meistar-
arnir urðu að víkja fyrir nýrri stjett, sem tók iðn-
aðarreksturinn í sínar hendur. Verkaskiftingin milli
gildanna hvarf, og verkaskiftingin innan verkstæð-
anna kom í hennar stað.

En markaðurinn stækkaði og þörfin óx. Hand-
iðnaðurinn varð einnig ófullnægjandi. Þá ger-
breyttu gufuaflið og vjelarnar öllum iðnaðarreksr-
inum. Í stað handiðnaðarins kom stóriðnaður nú-
tímans. Í stað smáidnrekendanna komu iðnaðar-
kongarnir, yfirboðarar heilla herskara af verka-
mönnum, auðmennirnir.

Markaðurinn, sem þegar eftir fund Ameríku
hafði vaxið geysilega, er nú á stóriðnaðaröldinni
orðinn að heimsmarkaði. Hann hefir valdið stór-
feldustu breytingum í verslun og samgöngum,
hæði á sjó og landi. Þetta hefir alt verkað hvað
á annað. Jafnhliða risafrámförum á þessum svið-
um, hefir stórborgarastjettin náð meiri blóma en
nokkru sinni fyrir, auður hennar aukist, en allar
miðaldastjettirnar mist áhrif sín að sama skapi.

Þannig er borgarastjettin til orðin fyrir langa
þróum og stórfeldar breytingar á framleiðsluaðferð-
um og samgöngutækjum.

Jafnhliða því, að borgarastjettin þróaðist, uxu
einnig pólitísk áhrif hennar. Á blómaöld ljens-
aðalsins var hún undirokuð stjett. Fyrsti pólitíski
sigurinn var fenginn, þegar miðaldaborgirnar óðl-
uðust sjálfsvörn og sjálfstjórn. Sumstaðar urðu þær
óháð lýðveldi. Annarsstaðar voru borgararnir við-
urkendir sem þriðja stjettin samhliða klerkalýð og
aðli, en urðu þó að bera aðalskattabyrðina. Á

stjettapíngum handiðnaðaraldarinnar átti borgarastjettin í einlægum erjum við aðalinn og varð brátt helsta stoð einvaldskonunganna í baráttunni við hann. Stóriðnaðurinn og heimsmarkaðurinn fullkomnuðu sigur hennar. Einveldið leið undir lok. Þingsjórnarskipulagið kom í þess stað. Það hefir gefið auðvaldinu öll ráð í hendur. Ríkisvöld vorra tíma eru ekkert annað en nefndir manna til að annast sameiginlega hagsmuni stórborgarastjettarinnar, auðvaldsins. X

Þessi stjett hefir í sögunni bylt öllu og breytt. Hvar sem hún hefir náð völdunum, hefir hún rífið niður gamla ljensskipulagið, alt það besta og fegursta, sem því fylgdi. Hún hefir miskunnarlaust slitið öll þau bönd, sem tengdu saman yfirmenn og undirgefna og ekkert annað eftir skilið en tilfinningalaus hagsmunasambönd og köld peningamál. Með ískaldri eigingirni hefir hún eyðilagt draumóra dultrúarmanna, slökt eldmóð og áhuga riddaranna, kæft angurbliðan innileik smáborgaranna. Manngildinu hefir hún breytt í peningagildi, frelsiskrám miðaldaborganna í samviskulaust versunarfræsi. Stórborgarastjettin hefir í stuttu máli flett burtu þeim hjúp, sem hingað til hafði hulið undirokun lægri stjettanna. Sjálf ljeflettir hún þær og undirokar á hinn opinberasta og ófyrirleitnasta hátt.

Hún hefir svipt burtu leyndardómsblænum af öllum þeim störfum, sem áður voru mest í hávegum höfð. Hún hefir gert lækna og lögfræðinga, presta, skáld og vísindamenn að launuðum starfsmönnum sínum.

Auðvaldið hefir rænt fjölskyldubandið öllu hinu bliðasta og besta og gert það að hreinu hagsmunasambandi.

Auðvaldið hefir sýnt, hvíllur feikna slæpingskapur hefir átt sér stað á fyrri tímum, þrátt fyrir öll afreksverkin, sem gert hafa miðaldarnar afturhaldsmönnum aðdánlegastar. Því sjálft hefir það fyrst allra leitt í ljós, hvað mannlegur máttur megnar. Hvað eru egyptsku pýramíðarnir, rómversku vatnsleiðslurnar og gotnesku kirkjurnar í samanhurði við þess furðuverk? Hvað eru þjóðflutningarnir og krossferðirnar á við heimferðir þess?

Auðvaldið getur ekki lifað öðruvísi en að skifta í sífellu um framleiðslutæki og framleiðsluhætti og bylta þannig aftur og aftur öllu þjóðfélagsskipulaginu. Það hafði aftur á móti verið lífsskiðyrði allra fyrri iðnaðarstjetta, að framleiðsluaðferðirnar hjeldust óbreyttar. Einkenni borgaralega tímaþilsins eru því sífeldar gerbreytingar á framleiðslusviðinu, og ævarandi ókyrð og óvissa í athafnalífínu. Alt hið gamla og rógróna, ásamt öllum þeim hugmyndum og skoðunum, sem því fylgdu,

liður undir lok, og hið nýja úreldist, áður en nokkurn varir. Allir helgidómar eru saurgaðir. Mennirnir neyðast loks til að líta á Kfskjör sín og afstöðu til annara óhuldum augum.

Pörfin fyrir nýjan markað hefir rekið auðvaldið til þess að svæla undir sig alla jörðina. Alstaðar verður það að smeygja sjer inn, til þess að stofna ný viðskiftasambönd.

Auðvaldið hefir með heimsmarkaðnum gert framleiðslu og neyslu alþjóðlega. Það hefir, afturhaldsmönnum til mestu skelfingar, gert iðnað hverrar þjóðar háðan erlendum markaði. Eldgamlar þjóðlegar iðnaðargreinar líða undir lok. Í stað þeirra koma aðrar nýjar, sem eru lífsskilyrði fyrir allar menningarþjóðir. Þær vinna úr hráefnum frá hinum fjarlægustu jarðbeltum, og framleiða ekki eingöngu vörur fyrir heimalandið heldur og fyrir allan heiminn. Í stað gömlu þarfanna, sem eitt land gat fullnægt, koma aðrar nýjar, sem ekki láta sjer nægja minna en afurðir frá öllum löndum. Þjóðir, sem áður voru sjálfum sjer nægar og öðrum á öllum sviðum óháðar, verða nú að leita hverjar til annara og taka upp hin margvíslegustu viðskifti. Og eftir efnislegu framleiðslunni fer sú andlega. Hún er einnig að verða alþjóðleg. Andleg verðmæti einstakra þjóða eru að verða sameign þeirra allra. Á þessu sviði getur engin leng-

ur án annarar lífað. Þjóðarbókmentirnar verða heimsbókmentir.

Með bættum framleiðslu- og samgöngutækjum hefir borgarastjettin breitt menninguna út á meðal allra þjóða, einnig hinna fjarlægustu. Lága vöruverðið er besta vopnið hennar. Fyrir því standast hvorki kúnverskir múrar nje útlendingahatur. Borgarastjettin þröngvar öllum þjóðum til að taka upp sína framleiðsluhætti; að öðrum kosti líða þær undir lok. Þær verða að veita menningunni inn í lönd sín, það er að segja, gerast borgaralegar. Borgarastjettin skapar sjer, í stuttu máli, heilan heim í sinni mynd.

Auðvaldið hefir lagt sveitirnar undir yfirráð bæjanna. Það hefir skapað risaborgir, aukið íbúatölu þeirra óskaplega, í hlutfalli við fólksfjölda sveitanna, og losað með því sæg manna af klafa þeirrar fásinnu, sem fólgin er í sveitalifinu. Á sama hátt og það hefir gert sveitirnar háðar bæjunum, hefir það líka lagt viltar og hálfviltar þjóðir undir yfirráð menningarþjóðanna, bændaþjóðir undir borgaraþjóðir, Austurlönd undir Vesturlönd.

Undir yfirráð auðvaldsins tekur tvístrunin á framleiðslutækjum, eignum og fólki meir og meir enda. Fólkíð flykkist í borgirnar, framleiðslutækin og eignirnar safnast á fárra manna hendur. Óþjákvæmileg afleiðing þessarar þróunar var sameining pólitíska

valdsins. Hjeruð, sem áður voru hvert öðru óháð og höfðu hvert sína hagsmuni, lög, stjórnarvöld og tollakerfi, hafa nú runnið saman í eina heild, eina þjóð, með einni stjórn og einum og sömu lögum, til verndar sameiginlegum hagsmunum auðmannanna.

Auðvaldið hefir á þessu hundrað ára valdatímabili sínu skapað stórfenglegri framleiðsluöfl en allir fyrri tímar. Á þessum tíma hafa mennirnir lagt undir sig náttúruna, fundið upp vjelarnar, eimskipin, járnbrautirnar, símann, lært að nota efnafræðina í þjónustu iðnaðar og landbúnaðar, ræktað upp óhemju landflæmi, gert árnar skipgengar og fyllt jörðina af fólki. Hvenær myndi fyrri kynslóðir hafa órað fyrir því, að önnur eins risaöfl byggju í skauti mannfjelagsins?

Vjer höfum þá sjóð, að rætur borgarastjettarinnar er að finna í framleiðslu- og samgöngutækjum frá tímum aðalsskipulagsins. Á vissu þróunarstigi þessara tækja rákust á hagsmunir þeirra, sem áttu og þeirra, sem framleiddu. Framleiðsluöflin sættu sig ekki lengur við þá úthlutun afurðanna, sem tíðkaðist hjá aðlinum. Með öðrum orðum, eignarrjettur aðalsins var ekki lengur samrýmanlegur vexti og viðgangi framleiðsluafllanna. Hann lagði bönd á þau, bönd, sem varð að slíta. Og borgarastjettin sleit þau.

Þá rann upp öld frjálsu samkeppinnar, með því þjóðfélagsskipulagi, sem henni hæfði, fjárhagslegu og pólitísku alræði auðmannanna.

Nú endurtekur sig svipuð breyting. Framleiðslu-hættir, eignarrjettur og alt skipulag borgarastjettarinnar með öllum sínum stórkostlegu framleiðslu- og samgöngutækjum eru eins og galdramaðurinn, sem ekki rjéð lengur við andana, sem hann hafði sært fram. Á seinustu áratugum hefir saga iðnaðarins og verslunarinnar ekkert annað verið en saga um uppreist framleiðsluafllanna gegn skipulaginu og eignarrjetti þeim, sem er lífsskilyrði fyrir borgarastjettina, vald hennar og viðgang. Það nægir að nefna viðskiftakreppurnar, sem koma aftur og aftur með slíkum ógnum, að allt auðvaldsskipulagið nótrar. Í viðskiftakreppunum eru ekki einasta feikni öll af afurðum heldur og af framleiðsluöflum eyðilögð. Kreppurnar eru einskonar þjóðfélagsmein, sem enga fyrri kynslóð hefði órað fyrir. Framleiðslan reynist of mikil. Og þó er ástandið eins og í hungursneyð eða styrjaldarhörmungum. Iðnaður og verslun virðast ætla að leggjast í kalda kol. Hversvegna? Vegna þess, að auðmennirnir komast að raun um, að þeir hafa umráð yfir of miklu á öllum sviðum, matvöru, iðnaði, verslun og menningartækjum yfirleitt. Þeir geta ekki lengur notað framleiðsluöflin, sem þeir ráða yfir, sjer í

hag. Þau eru vaxin þeim yfir höfuð. Þeir verða að leggja bönd á þau. En séu böndin ekki nógu sterk, er eignarrjettur borgarastjettarinnar í vöð, allt kemst í uppnám, og auðvaldsskipulaginu liggur við hrúni. Auðmennirnir kunna ekki lengur að hagnýta framleiðsluöflin. Þeir standa þeim fyrir þrifum. Hvernig yfirstíga nú auðmennirnir kreppurnar? Þeir eyðileggja framleiðsluöfl í stórum stíl, leggja undir sig nýja markaði og nolfæra sjer enn betur þá gömlu. Í hverju eru þá þessar ráðstafanir fólgnar? Í því, að þeir undirbúa nýjar og ennþá ægilegri kreppur og minka möguleikana á að yfirstíga þær.

Vopnin, sem borgarastjettin beitti gegn aðlinum, eru nú að snúast gegn henni sjálfri.

En hún hefir ekki aðeins smíðað vopnin, sem verða henni að bana; hún hefir líka skapað herinn, sem á að fara með þau — verkamenn vorra tíma, öreigalyðinn.

Að sama skapi og borgarastjettin og auðvaldið þróast, eykst líka öreigalyðurinn, stjett verkamanna. Verkamennirnir geta því aðeins lifað, að þeir fái atvinnu, og hana fá þeir því aðeins, að þeir auki auð atvinnurekendanna. Þeir verða þannig að selja sig dag eftir dag, og eru eins og hver önnur vara undirorpnir öllum dutlungum samkepninnar og markaðsins.

Fyrir útbreiðslu vjelanna og verkaskiftingarinnar hefir vinnan mist allt það, sem ella hefði gert hana verkamanninum aðlaðandi. Hann er orðinn einn hluti vjelarinnar, og vinnur dag eftir dag og viku eftir viku sama ósjálfstæða verkið, hversu tilbreytingarlaust og leiðinlegt sem það er.

Og verkamaðurinn kostar ekki meira en það, sem nauðsynlegast er fyrir hann til að geta dregið fram lífið og haldið við mannkyninu. Verð vörunnar miðast við framleiðslukostnaðinn. Svo er og um vinnuna. Því andstyggilegri sem vinnan verður, því meir lækka vinnulaunin. Að sama skapi og vjelar og verkaskifting ryðja sjer til rúms, er og meiri vinnu krafist, annaðhvort þannig, að vinnutíminn er lengdur, vjelraðinn aukinn eða á annan hátt.

Stóriðnaðurinn hefir breytt litla verkstæðinu, þar sem meistarinn vann með sveinum sínum, í risaverksmiðjur auðmannanna. Verkamennirnir eru settir þar undir strangan aga. Þeir eru ekki aðeins þrælur auðmannanna og ríkisvalds þeirra. Daglega eru þeir fjötraðir við vjelarnar, einatt verða þeir að þola þrælameðferð af yfirmönnunum og umfram allt af eigendunum sjálfum, auðmönnum. Og þessi harðstjórn er fyrir þá sök ennþá ilgirnislegrí, svivirðilegri og sárari, að markið, sem hún stefnir

að, er ekkert annað en fullnæging hinnar fyrirliðlegustu ágirndar.

Eftir því sem nauðsynin á handlægni og átökum verkamannanna minnar, þ. e. a. s. að sama skapi og stóriðnaðurinn magnast, verður það tíðara og tíðara, að konur og börn taki að sjer vinnu, sem karlmenn fengust áður við. Atvinnurekendunum er að verða sama, hvort um karlmenn, konur eða börn er að ræða. Þau eru fyrir auðmennina öll orðin að verkfærum, mismunandi dýrum eftir því, hve gömul og hvers kyns þau eru.

Þegar verkamaðurinn er sloppinn frá atvinnurekandanum með sultarlaun, verður hann hinum hröfnunum að bráð, húseigandanum, kaupmanninum, veðlánamangaranum o. s. frv.

Þeir, sem hingað til höfðu tilheyrt miðstjettinni, smáatvinnurekendur, smákaupmenn, handverksmenn og smábændur, verða að öreigum. Orsökina er ýmist sú, að þeir hafa ekki nægilegt fje til atvinnurekstursins og þola ekki samkepnina við auðmennina, eða hin, að nýjar og fullkonnari framleiðsluadferðir gera vinnu þeirra og dugnað lítils virði. Þannig eykst öreigalyðurinn með aðstreymi frá öllum stjettum.

Öreigalyðurinn þróast stig af stigi. Hann er ekki fyr til orðinn, en baráttan byrjar gegn auðmönnum.

Í fyrstu berjast fáeinir verkamenn, svo sameinast þeim fjelagar þeirra í verksmiðjunni, síðar allir, sem vinna samskonar vinnu á sama stað. Heipt þeirra snýst í upphafi eingöngu gegn atvinnurekandanum, sem þeir vinna hjá. Og baráttan er ekki einasta háð gegn borgaralega framleiðsluskipulaginu heldur og gegn framleiðslutækjunum sjálfum. Þeir eyðileggja aðkomnu vörurnar, sem eru þeim lættulegar í samkepninni. Þeir mólva vjelarnar, brenna verksmiðjurnar, og heimta aftur lífskjörin, sem verkamennirnir áttu við að búa á miðöldunum.

Á þessu stigi eru verkamennirnir dreifðir út um landið og keppa um vinnuna hverir við aðra. Fylgist fjöldi verkamanna að á þessu tímabili, þá er það ekki þeirra samlyndi að þakka, heldur samtökum borgarastjettarinnar. Hún safnar þeim í stóra flokka til að styðja sig til valdanna. Öreigalyðurinn er þá enn ekki farinn að berjast alvarlega móti borgarastjettinni. Að sinni veitir hann henni lið gegn einvalskonungunum og jarðeignaaðlinum. Saga er á þessu tímabili gersamlega lituð af framsókn borgarastjettarinnar. Allir ávextir sigranna falla henni í skaut.

Öreigalyðurinn vex ekki einungis að sama skapi og iðnaðurinn þróast. Hann safnast líka saman. Það eykur honum ásmegin og vekur stjettarmeð-

vitundina. Hagsmunir verkamanna og lífskjör álíkjast meir og meir, því vjelavinnan gerir störf einstaklinganna svipuð, jafnar launin og lækkar þau. Aukin samkefni auðmannanna og viðskifta-kreppurnar, sem þar af leiðir, valda skyndilegum launalækkunum. Endurbætur á vjelunum gera lífskjör verkamanna ótryggari. Baráttan, sem áður var háð milli einstakra verkamanna og auðmanna, verður að stjettabaráttu. Verkamennirnir bindast samtökum móti auðmönnum til að tryggja sér viðunanleg laun. Þeir stofna jafnvel varanleg verkalyðsfjelög til að standast kostnaðinn, ef í hart skyldi fara. Og undir eins fer að bera á uppbotum.

Óðruvoru sigra verkamenn; en það eru aðeins bráðabirgðasigrar. Stærsti vinningurinn í þessum skærum er ekki sá, að fá uppyttar einstakar kröfur heldur efling og útbreiðsla verkalyðssamtakanna. Þar verða þeim líka að líði samgöngutækin, sem stóriðnaðurinn skapar. Þau styrkja samband og samvinnu verkalyðsfjelaganna, og gera launabaráttuna, sem háð er á hverjum stað, að einni alsherjarstjettabaráttu. En stjettabaráttan er alltaf pólitísk. Borgararnir á miðöldunum urðu að bjargast við þjóðvegina og þurftu margar aldir til að koma á þeim samtökum, sem öreigalyðurinn myndar á nokkrum árum. Því hann hefir járnbrautirnar.

En þótt verkamennirnir renni þannig saman í eina

stjettu, er stjettarbandið veikt, og slitnar oft í samkefninu milli þeirra sjálfra. En samtökin rísa upp aftur og aftur sterkari, traustari og voldugri en nokkru sinni fyr. Þau nota sjer ósamlyndi auðmannanna, og afla á þann hátt hagsmunum verkalyðsins á einstökum sviðum lagalegrar viðurkenningar. Dæmi þess eru lögin um tíu stunda vinnutímann í Englandi.

Deilurnar innan borgaralega þjóðfjlagsins styðja að uppgangi öreigalyðsins. Borgarastjettin á alltaf í baráttu, fyrst við aðalinn, síðar við nokkurn hluta stjettarinnar sjálfar, sem ekki hefir lengur hag af iðnaðarframförum. En einkum berst hún gegn auðmönnum allra annara landa. Hún neyðist til að leita hjálpar verkalyðsins í þessum viðureignum, og gerir hann þannig að þátttakanda í stjórnmála-baráttunni. Hún færir sjálf öreigalyðnum þekkingu sáa, þ. e. a. s. vopnin gegn sjálfri sjer.

Ennfremur höfum vjer sjeð, að fjöldi manna af ráðandi stjettinni stenst ekki samkefnina, sem leiðir af iðnaðarframförum, og sameinast öreigalyðnun, eða verður að minsta kosti að sætta sig við hin ótryggustu lífskjör. En þessir menn flytja með sjer þekkinguna inn í herbúðir öreigalyðsins.

Loks, þegar stjettabaráttan er að úrslitum komin, eykst svo óstjórnin innan yfirstjettarinnar, gamla skipulagið gengur svo úr skorðum, að nokkur

hluti borgarastjettarinnar hleypur undan merkjum, og tekur höndum saman við byllingarstjettina, sem ber framtíðina í skauti sjer. Fyrrum snerist fjöldi aðalsmanna til fylgis við borgarastjettina. Nú endurtekur sig hið sama. Fjölmargin borgarar fylkja sjer undir merki öreigalyðsins. Eru það einkum mentamenn, sem hafa aflað sjer visindalegrar þekkingar á söguþróuninni.

Á meðal allra þeirra stjetta, sem eru andstæðar auðmönnum, er verkalýðsstjettin sú eina, sem er byllingarsinnuð í raun og sannleika. Allar aðrar hrörna og liða undir lok jafnhliða því, að stór-iðnaðurinn ryður sjer til rúms. En verkalýðurinn vex að sama skapi.

Smáíðnrekendur, smákaupmenn, handverksmenn og smábændur berjast móti auðmönnum til að verjast tortímingu. Þeir vilja allir halda við smáborgarastjettinni. Þeir eru ekki byllingasinnaðir, heldur íhaldssamir, meira að segja afturhaldssamir. Helst vildu þeir snúa straumnum við og leiða mannkynið aftur í tímann. Beri svo við, að þeir fylgi byllingarstefnunni, þá er það vegna þess, að þeir sjá, að þeir eru að verða öreigar. Þeir verja þá ekki nútíðar- heldur framtíðarhagsmunum sína, og skoða sig þegar sem samherja verkamanna.

Skrillinn, úrþvætti borgaralega þjóðfélagsins, verður hingað og þangað neyddur til að taka sinn

þátt í öreigalyðsbyllingunni. Lífskjör hans gera auðmönnum ljett að kaupa hann í lið með sjer.

Alt líf öreigalyðsins sýnir, hversu búið er að grafa ræturnar undan gamla þjóðfélagsskipulaginu. Öreiginn á ekkert. Afstaða hans til konu og barna á ekkert skylt við borgaralegt fjölskyldulíf. Verksmiðjuvinnan og auðvaldskúgunin, sem alstaðar er hin sama, í Englandi, Frakklandi, Ameríku og Þýskalandi, hafa swift hann öllum þjóðerniseinkennum. Lögin, siðirnir, trúarbrögðin — allt er þetta í hans augum borgaralegir hleypidómar, ekkert annað en skálkaskjól auðvaldsins, skapaðir til að vernda þess hagsmuni.

Allar fyrri yfirstjettir tryggðu lífskjör sín með því að þröngva upp á allt þjóðfélagið atvinnuskipulagi sínu. Öreigalyðurinn getur aftur á móti því aðeins náð völdunum yfir framleiðsluöflunum, að hann afnemi allt launavinnukertið eins og það hefir tökkast, og ekki einasta það heldur og allan eignarrítt á framleiðslugögnum. Öreigarnir hafa ekkert að tryggja. En þeir þurfa að rífa niður feiknin öll af forrjettindum.

Allar fyrri skipulagshreyfingar hafa verið bornar fram af minnihlutanum eða að minsta kosti í hans þágu. En öreigalyðshreyfingin berst fyrir hagsmunum fjöldans, og er borin fram af yfirgnæfandi meirihluta mannkynsins. Öreigalyðurinn, lægsta

stjett þjóðfélagsins, getur ekki losað sig, getur ekki óðlast frelsið án þess að sprengja í loft upp yfirstjettina með öllu hennar hyski.

Enda þótt verkalyðshreyfingin sje í eðli sínu alþjóðleg, er hún fyrst um sinn takmörkuð innan hvernar þjóðar. Öreigalyður hvers lands verður auðvitað fyrst að ráða niðurlögum auðvaldsins heima fyrir.

Vjer höfum nú lýst þróun öreigalyðsins, hvernig hann á ýmist leynt eða ljóst í borgarastyrjöld við auðvaldið alt til þess tíma, að upp úr logar og byltingin brýst fram. Borgarastjettinni verður steypt og verkalyðurinn tekur völdin.

Eins og vjer höfum sjeð var munurinn á yfirstjettum og undirstjettum, kúgurum og kúguðum, grundvöllur allra fyrri þjóðfélaga. En undirokaða stjettin verður þó að geta fleytt fram lífinu. Á nauðugu bændurnir gátu þrátt fyrir ljensánuðina orðið meðlimir í bæjarfélögum miðaldanna, og smáborgararnir gátu orðið auðmenn, þótt þeir ættu við ok aðals og einvaldskonunga að búa. En lífskjör verkalyðsins fara versnandi þrátt fyrir allar iðnaðarframfarirnar. Hann verður örbirgðinni að bráð, og hún vex ennþá hraðar en íbúatala og auðæfi. Á því er auðsætt, að borgarastjettin getur ekki lengur verið yfirstjett. Þjóðfélagið sættir sig ekki við að hagsmunir hennar ráði lögum og lof-

om. Auðmennirnir geta ekki lengur stjórnað. Þeir geta ekki einu sinni veitt þrælum sínum það, sem þeir þurfa sjer til lífsviðurvaris. Auðmennirnir lífa á því að fjeftetta verkalyðinn. En nú er nokkur hluti hans svo djúpt sokkinn í örbirgðina, að þeir verða að hlaupa undir bagga til að halda í honum tilnu. Þjóðfélagið þolir ekki lengur yfirráð borgarastjettarinnar. Tilvera hennar er orðin ósamrýmanleg tilveru fjöldans.

Skilyrðið fyrir tilveru og yfirráðum borgarastjettarinnar er söfnuh auðæfanna á einstakra manna heklur, myndun og vöxtur auðmagnsins. Lífskilyrði auðmagnsins er launavinnan. Grundvöllur launavinnunnar er samkepli verkamannanna. En iðnaðarþróunin bindur enda á samkepli þeirra og samtakaleysi og sameinar þá í verkalyðsfjelögunum undir merki byltingarinnar. Iðnaðarframfarirnar, sem borgarastjettin hefir mest barist fyrir, grafa þannig an vilja hennar og vitundar, ræturnar undan skipulagi hennar, framleiðslu og eignarrjetti. Auðvaldið þrefur sjer sjálft gröfina. Fall þess er jafn óumlyjanlegt og sigur öreigalyðsins.

Kommúnistar og öreigalyðurinn.

Hver er yfirleitt afstaða kommúnista til öreigalyðsins?

Peir mynda ekki neinn sjerstakan flokk gagnvart öðrum verkamannaflokkum.

Hagsmunir þeirra eru hvergi í ósamræmi við hagsmuni verkalýðsins sem heildar.

Peir búa ekki til neinar fastar reglur til að móta með verkalýðshreyfinguna.

Það, sem skilur kommúnista frá öðrum verkalýðsflokkum, er fyrst og fremst, að þeir leggja aðaláherslu á sameiginlega hagsmuni verkalýðsins í öllum löndum þrátt fyrir allan þjóðernismun. Ennfremur, að þeir reyna á hverju stigi baráttunnar milli auðmannanna og öreigalyðsins að safna öllum verkamönnum undir sama merki.

Kommúnistar eru því í raun og veru einbeittasti og framsæknasti hluti verkalýðsflokkanna í öllum löndum. Umfram fjöldann allan af verkamönnum hafa þeir þekkinguna á orsökum öreigalyðshreyfingarinnar, þróun hennar og takmarki.

Tilgangur kommúnista er hinn sami og allra annara verkalýðsflokka: að vekja stjettartilfinningu

verkamanna, steypa borgarastjettinni og ná ríkisvaldinu í hendur öreigalyðsins.

Kenningar kommúnista eiga hvorki rætur sínar að rekja til hugsjóna nje boðorða hinna og þessara síðameistara. Þær eru spröttnar upp af stjettabaráttunni, sögulegri hreyfingu, sem fram fer fyrir augum vorum. Afnáam eignarrjettarins í einni eða annari mynd er ekkert, sem einkennir kommúnismann sjerstaklega.

Eignarrjetturinn hefir í söguþróuninni verið sífeldum breytingum uádrörpinn.

Í byltingunni miklu í Frakklandi, varð eignarrjettur aðalsins að vika fyrir eignarrjetti borgarastjettarinnar.

Það, sem einkennir kommúnismann, er þá ekki afnáam eignarrjettarins yfirleitt, heldur afnáam borgaralega eignarrjettarins.

En stjettamunurinn og stjettakúgunin, sem lýsir sjer í misskiftingu auðsins og afurðanna, kemur fram í sinni síðustu og fullkomnuðu mynd í borgaralega eignarrjettinum.

Ög að svo miklu leyti sem til þarf að útrýma stjettamuninum, ætla kommúnistar að afnema eignarrjett einstaklingsins.

Vjer kommúnistar erum ásakaðir um að vilja afnema eignarrjett einstaklingsins á því, sem hann hafi unnið fyrir með dugnaði sínum, eignarrjettinn,

sem sje undirstaða als persónulegs frelsis, fram-takssemi og sjálfstæðis.

Það, sem hann hefir unnið fyrir með dugnaði sínum! Eigið þjer við eignarrjett smáborgaranna og bændanna, þann, sem á undan fór borgaralega eignarrjettinum? Vjer þurfum ekki að afnema hann. Það gerir iðnaðarþróunin og hefir þegar gert að meira eða minna leyti. Eða eigið þjer við borgaralega eignarrjettinn á vorum dögum? Eignast þá verkamaðurinn svo sem eitthvað? Nei, öðru nær. Hann skapar einmitt auðmagnið, sem rætur verkalyðinn vinnuárinum, auðmagnið, sem aðeins getur lifað með siaukinni launavinnu og endalausri undir- okum verkalyðsins. Samfara borgaralega eignarrjettinum hlýtur að fara hagsmunaaðrekskurinn milli auð- magns og launavinnu. Litum á þessar mótsef- ingar.

Staða atvinnurekandans í framleiðslunni er ekki aðeins persónuleg heldur og fjelagsleg. Auðmagnið er skapað með sameiginlegri vinnu alls fjöldans, og getur aðeins starfað fyrir tilvernað als þjóðfjelagsins.

Auðmagnið er því ekki persónulegt heldur fjelagslegt afl.

Þegar auðmagnið er gert að sameign allra, breytist því ekki persónuleg eign í fjelagseign. Það, sem fram fer, er aðeins eðlisbreyting á fjelagseign-

inni. Hún verður ekki lengur undir yfirráðum einnar stjettar.

Litum á launavinnuna.

Meðalverð launavinnunnar er lágmark vinnu- launanna, þ. e. a. s. lífsnauðsynjar þær, sem þarf til að halda við starfskröftum verkamannsins. Það, sem hann fær fyrir vinnu sína, nægir rjett til þess að hann geti drégið fram lífið. Þessa persónulegu tileignun á arði vinnunnar, lífsnauðsynjum verka- mannsins, ætlum vjer als ekki að afnema. Af þess- konar eign sprettur ekkert auðmagn, sem gæti gefið vald yfir vinnukrafti annara. En vjer viljum hvorki að verkamaðurinn fái lífsnauðsynjarnar að launum fyrir að auka auðmagnið nje að hann yfirleitt eigi líf sitt eingöngu undir hagsmunum einnar, ráðandi stjettar.

Í borgaralega þjóðfjelaginu er vinnan notuð til að bæta við samansafnaðar afurðir fyrri tíma. Í sameignarskipulaginu eru vinnuafurðirnar ætlaðar til þess að hjetta líf verkamannsins, auðga það og fegra.

Í borgaralega þjóðfjelaginu undirokar þannig for- tíð nútíð. Í sameignarskipulaginu tekur nútíðin for- tíðina í sína þjónustu. Í borgaralega þjóðfjelaginu er auðmagnið sjálfstætt en framleiðandinn ósjálf- stæður.

Og afnám þessa skipulags kallar borgarastjettin

eyðilegging persónuleika og frelsis. Og að vissu leyti er það rjett. Það er afnám borgaralegs frelsis, persónuleika og sjálfstæðis.

Frelsi þýðir í framleiðsluskipulagi nútímans verslunarfrelsi, frjáls kaup og sala.

En verði verslunin afnumin, fellur einnig frjálsa verslunin. Því er eins farið um þetta eins og allt annað frelsisglamur borgarastjettarinnar. Í samamburði við einokun og ófrelsi miðaldanna getur það talist framiðr. En að bera það saman við kommúnismann er fásinna. Því hann afnemur alla verslun, borgaralega framleiðsluskipulagið og borgarastjettina sjálfa.

Þjer óskapist yfir því, að vjer viljum afnema eignarrjettinn. En í yðar þjóðfjelagi geta níu tíundu hlutar mannanna ekkert eignast. Og hinir hafa eignarrjett aðeins þessvegna, að fjöldinn hefir hann ekki. Þjer áskakið oss þannig fyrir að vilja afnema eignarrjett, sem er því óhjákvæmilega skilyrði bundinn, að yfirgnæfandi meirihluti þjóðfjellagsins eigi ekki neitt.

Í raun og veru áskakið þjer oss aðeins fyrir það, að vjer viljum afnema yðar eignarrjett. En það ætlum vjer nú samt að gera.

Frá þeirri stundu, að ekki er lengur hægt að breyta vinnunni í auðmagn: peninga, jarðrentu eða annað fjellagslegt afi, sem ein stjett geti svælt undir

sí — með öðrum orðum, þegar persónulegur eignarrjettur getur ekki lengur breytt í borgaralegan, segið þjer, að persónuleikinn sje eyðilagður.

Þjer játið þá, að persónuleiki sje í yðar augum ekkert annað en borgarinn, auðmaðurinn á vorum dögum. Það er rjett, þessi persónuleiki verður afnuminn.

Kommúnisminn sviðtir engan rjettinum til að eignast þjóðfjellagsafurðir, en hann tekur af honum valdið til að nota þær til undirokunar verkalýðsins.

Því hefir verið haldið fram, að með afnámi eignarrjettarins muni allur dugnaður og framtakssemi hverfa, og heimurinn leggjast í leti.

Væri það rjett, ætti borgaralega þjóðfjellagið fyrir löngu að vera hrundið til grunnna. Því þjer, sem vinna, eignast ekkert, og hinir, sem auðgast, vinna ekki. Það, sem býr á bak við þessa mótbáru, er ekkert annað en meðvitundin um það, að ekki muni lengur vera um launavinnu að ræða, þegar auðvaldinu sje hrundið.

Allar mótbárunnar gegn framleiðslu og úthlutun afurðanna í sameignarskipulaginu hafa einnig verið færðar fram gegn framleiðslu þess og úthlutun á andlegum verðmætum. Endalok stjettarignarrjettarins eru í augum borgarastjettarinnar sama og eyðilegging framleiðslunnar. Og afnám einkarjettar borgarastjettarinnar á mentuninni er í

hennar augum sama og geryðing allrar mentunar yfirleitt.

Og mentunin, sem hún sjer svo mikið eftir, er í því falin, að allur fjöldi fólksins er gerður að viljalausum vjelum.

En það hefir enga þýðingu að deila við oss um afnám eignarrjettarins með því að færa fram yðar borgaralegu hugmyndir um frelsi, rjett og mentun. Því þær eru ekkert annað en afkvæmi borgaralegs framleiðsluskipulags og eignarrjettar. Yðar rjettur er og aðeins stjettarvilji, skapaður og mótaður af aðstöðu borgarastjettarinnar og síðan gerður að lögum.

Þjer teljið yður trú um, að yðar framleiðsluskipulag og eignarrjettur — hverful fyrirbrigði eins og öll önnur í söguþróuminni — sjeu háð eilífum náttúru- og skynsemistögmálum og muni því standa um aldur og æfi. Þessa ímyndun hafið þjer sameiginlega öllum yfirstjettum, sem þegar eru liðnar undir lok. Það sannast þjer, að svo mæla börn sem vilja. Þjer gátuð skilið, að eignarrjettur þrælaeigendanna í fornöld og ljensaðalsins á miðöldunum liði undir lok, en að slíkt hið sama eigi fyrir borgaralega eignarrjettinum að liggja — það er yður með öllu óskiljanlegt.

Og ofan á allt annað eyðilegging fjölskyldunnar!

Jafnvel róttækir framfaramenn óskapast yfir þessari svivirðilegu fyrirætlun kommúnista.

Hver er grundvöllur borgaralegu fjölskyldunnar? Auðmagnið, atvinnurekstur einstaklingsins. Í sinni fullkomnu mynd er borgaralega fjölskyldulífið aðeins til fyrir borgarastjettina. Öreiginn verður að afsala sjer ánægju fjölskyldulífsins, og sívaxandi hluti kvenþjóðarinnar að selja sig hverjum, sem hafa vill, til að geta lifað.

Taki þetta ívent síðarnefnda enda, fer á sömu leið um fjölskyldulíf borgarans. Og hvorutveggja hverfur með auðvaldinu.

Ásakið þjer oss fyrir að vilja koma í veg fyrir að foreldranir láti börnin þræla? Þá gætþamlegu fyrirætlun verðum vjer þó að játa á oss.

En vjer slítum þó öll innilegustu sambönd með því að setja fjelagsuppeldi í stað heimilisuppeldis, segið þjer.

Eruð þjer þá svo sem ekki einnig aldir upp af þjóðfjelaginu? Hafið þjer ekki í uppeldinu orðið fyrir áhrifum af þjóðfjelagsskilyrðunum, sem þjer áttuð við að húa, meira eða minna opinberum afskiftum þjóðfjelagsins, skóltum og öðru slíku? Kommúnistar hafa ekki fundið upp fjelagsuppeldið. Þeir vilja aðeins breyta eðli þess og draga það undan áhrifum einnar, ráðandi stjettar.

Alt glamur borgarastjettarinnar um fjölskyldu, uppeldi og trygðabönd milli foreldra og barna verður því andstyggilegra sem stóratvinnureksturinn nálgast það meir að slíta öll fjölskyldubönd verkamannsins og gera börn hans að verslunarvöru og einföldum verkfærum fyrir auðvaldið.

En þjer kommúnistar viljið koma á sameign á kvenfólkinu, æpir öll borgarastjettin einum rómi.

Því er nú svo farið, að í augum borgarans er konan hans ekkert annað en framleiðslutæki. Þegar hann heyrir, að framleiðslugögnin eigi að verða sameign, getur hann auðvitað ekki skilið annað en að konurnar eigi að verða það líka.

Hitt sjer hann ekki, að það er einmitt kommúnisminn, sem gerir enda á þeirri óháfu, að farið sje með konuna eins og framleiðslutæki.

Annars er það hlægilegt að heyra borgarann tala um það með helgri vandlætingu, að kommúnistar vilji gera konuna að sameign. Það geta kommúnistar ekki gert, því slík sameign hefir lengst af verið til.

Því auðmanninum nægir ekki að hafa konur og dætur verkamannanna á valdi sínu — svo að ekki sje minst á opinberu kvennasölnu — heldur er það hans aðalánægja að tæla konur stjettarbræðra sinna.

Hjónaband auðmannanna er í raun og veru

sameign þeirra á konunum. Það mesta, sem þeir gætu borið kommúnistum á brýn í þessu efni, væri, að þeir ætluðu sjer að fletta hræsnisblájunni ofan af þessu líferni og gera það opinbert og viðurkent. Annars er það auðskilið, að sameign sú á konunum, sem nú viðgengst bæði leynt og ljóst, hlýtur að taka enda um leið og borgaralega framleiðsluskipulagið.

Kommúnistum er enn fremur borið á brýn, að þeir vilji útrýma ættjarðarástinni og þjóðernistilfinningunni.

Öreigalyðurinn á ekkert ættland. Það, sem hann ekki á, verður ekki af honum tekið. Þegar hann brýtst til valda og tekst á hendur forystu þjóðarinnar, er hann að vísu enn þjóðlegur að svo miklu leyti sem starfsvið hans er fyrst og fremst hjá einni þjóð, en þjóðlegur í borgaralegum skilningi verður hann aldrei.

Þróun borgarastjettarinnar eyðir altaf meir og meir mun og mótsetningum þjóðanna. Verslunarfrelsið, heimsmarkaðurinn, samskonar framleiðsla og sameiginleg lífskjör, sem henni fylgja, leggjast þar öll á eina sveif.

Ennþá meira verður þó öreigalyðnum ágengt í þessu efni, þegar hann er kominn til valda. Til þess, að hann geti öðlast frelsið, verður hann að

minsta kosti í öllum menningarlöndunum að hefjast sameiginlega handa.

Þegar einn einstaklingur getur ekki lengur undirtekið annan, getur heldur engin þjóð aðra kúgað.

Árásir þær, sem gerðar hafa verið á kommúnista frá trúarlegu, heimspekilegu og andlegu sjónarmiði yfirleitt, eru ekki þess virði, að farið sje mörgum orðum um þær.

Þarf svo sem mikla skarpskygni til að sjá, að skoðanir manna, hugmyndir og allur hugsunarháttur mótast fyrst og fremst af lífskjörum þeirra og allri afstöðu í þjóðfélaginu?

Hvað sannar saga mannsandans annað en það, að andlega framleiðslan breytist með þeirri efnislegu? Ráðandi hugmyndir hvers tímabils hafa alltaf verið hugmyndir ríkjandi stjettarinnar.

Menn tala um að hinar og þessar hugsjónir gerbylti þjóðfélögunum. Í raun og veru eru þær aðeins vottur þess, að í gamla skipulaginu hafi myndast visir nýs þjóðfélags, að gömlu hugsjónirnar úreldist að sama skapi og gamla þjóðfélagið og hverfi með því.

Á hnignunaröld fornpjóðanna fjellu gömlu trúarbrögðin fyrir kristninni. Og þegar kristilegu hugmyndirnar urðu að lúta í lægra haldi fyrir fræðslustefnunni á 18. öld, var aðalsskipulagið í

dauðateygjunum eftir langa og harða baráttu við borgarastjettina, sem þá var byltingarsinnuð.

Kenningarnar um samvisku- og trúfrelsi samsvara á andlega sviðinu frjálsu samkepninni á því veraldlega.

Nú munu menn svara: »Það er að visu sattu, að allar þær kenningar, sem komið hafa fram í trúmálum, siðfræði, heimspeki, stjórnmálum, rjetti o. s. frv. hafa breyst í rás viðburðanna. En trúin, siðfræðin, heimspekin, stjórnmálin og rjetturinn hafa þó alltaf haldist þrátt fyrir allar breytingar«.

»Ennfremur eru til eilíf og óumbreytanleg sannindi svo sem um frelsi, rjettlæti o. s. frv., sem sameiginleg eru öllum þjóðfélögum, á hvaða stigi sem þau eru. Þau vill kommúnisminn afnema. Hann útrýmir trú og siðfræði í stað þess að breyta þeim, og kemst fyrir það í mótsetningu við alla fyrri söguþróun«.

Hvað verður nú úr þessari ákæru? Öll söguþróunin hefir byggt á stjettamótsetningum, sem á ýmsum tímum hafa tekið á sig ólíkar myndir.

En hvernig, sem þær hafa verið — öllum fyrri öldum hefir verið það sameiginlegt, að einn hluti þjóðfélagsins undirokaði annan. Það er því ekki nema eðlilegt, að umliðnu aldirnar hafi þrátt fyrir allan mun og margbreytni haft meira eða minna

svipaðan hugsunarhátt. Hann getur þá fyrst horfið, er stjettamunurinn tekur enda.

Kommúnistabylltingin er róttækust allra uppreista gegn eignarrjettinum. Það er því engin furða, þótt hún kveði upp dauðadóminn yfir gamla hugsunarháttinum.

Eyðum svo ekki fleirum orðum útaf ásökunum borgarastjettarinnar. —

Vjer höfum sjeð að fyrsta skrefið í verkalyðsbylltingunni er að gera öreigalyðinn að rikjandi stjett og koma á lýðræði.

Öreigalyðurinn notar rikisvaldið til að svipta borgarastjettina smátt og smátt öllu auðmagninu og lá ríkinu þ. e. a. s. öreigalyðnum sem rikjandi stjett — öll framleiðslutæki í hendur og auka framleiðsluöflin af fremsta megni.

Þetta getur hann í fyrstu aðeins með því að grípa til ofbeldisráðstafana gagnvart eignarrjetti og framleiðsluskipulagi borgarastjettarinnar. Enda þótt þessar ráðstafanir virðist frá hagfræðilegu sjónarmiði ófullnægjandi og jafnvel ófærar, knýja þær þó í rás byllingarinnar til frekari framkvæmda á þessu sviði, og eru því óhjákvæmilegar til að brjóta nýju framleiðsluháttinum braut.

Þessar ráðstafanir geta auðvitað orðið ólíkar eftir því hvernig til hagar í hverju landi.

En þær, sem á eftir eru upp taldar, munu þó

verða sameiginlegar fyrir öll þau lönd, sem lengst eru komin.

1. Eignarnám á lóðum og lendum og notkun jarðrentunnar í rikisþarfir.

2. Háir og stighækkandi skattar.

3. Af nám erfðarjettarins.

4. Eignarnám á öllum eignum gagnbyllingarmanna og landflóttamanna.

5. Sameining allra lánstofnana í einn þjóðbanka, sem rekin er með rikisfje og hefir algert einkaleyfi.

6. Sameining samgöngutækjanna í höndum rikisins.

7. Fjölgun almenningsfyrirtækja, aukning framleiðslugagna, ræktun og umbætur á landinu — allt eftir sameiginlegri áætlun.

8. Jöfn vinnuskylda fyrir alla. Myndun verkamannahópa einkum fyrir landbúnaðarvinnuna.

9. Sameining landbúnaðar- og iðnaðarrekstursins. Tilraunir til að eyða smásaman muninum á borga- og sveitalffinu.

10. Opinbert uppeldi ókeypiss fyrir öll börn. Af nám barnavinnunnar í verksmiðjunum eins og nú tíðkast. Samrýming uppeldisins og framleiðsluvinnunnar o. s. frv.

Síðar í rás tímanna, þegar stjettamunurinn er horfinn, og framleiðslan komin í hendur samfélags

allra einstaklinga, hættir opinbera valdið að vera pólitískt. Pólitískt vald er í rauninni aðeins kúgunarvald einnar stjóttar gegn annari. Þegar óreigalyðurinn sameinast í eina stjótt í baráttunni gegn auðvaldinu, brýst til valda í byllingunni og steypir gamla framleiðsluskipulaginu, afnemur hann um leið undirrot stjóttamunarins, stjóttimar yfirleitt og þá auðvitað vald sjátt sem stjóttarvald.

Í stað gamla, borgaralega þjóðfélagsins með stjóttum og stjóttamun, kemur samfélag, þar sem frjáls þróun einstaklingsins er skilyrðið fyrir frjálsri þróun heildarinnar.

III.

Bókmentir sósíalista og kommúnista.

1. Afturhaldssósíalisminn.

a) *Aðalssósíalisminn.*

Sökum sinnar sögulegu afstöðu hlaut franskir og enskir aðallinn að skoða það sem köllum sína að

berjast í riti gegn borgaralega þjóðfélaginu. Í júlíbyllingunni 1830 og í baráttunni um kosningarrettinn í Englandi¹⁾, hafði hann ennþá einu sinni orðið að lúta í lægra haldi fyrir borgarastjóttinni, þessum hataða andstæðing, sem var að ryðja sjer braut upp í valdasessinn. Pólitíska baráttu gat hann ekki lengur háð. Í ritdeilunum var öðru máli að gegna. Að vísu var nú árangurslaust að koma með upptuggu á kenningum afturhaldstímabilsins²⁾. Til þess að vekja samúð varð aðallinn fyrst um sinn að þegja um sína eigin hagsmuni, en ákæra borgarastjóttina því ákafar í nafni undirokuðu stjóttarinnar, verkalyðsins. Og hann svalaði sjer með því að kveða nið um nýju valdhafana og spá þeim hrakförum.

Þannig myndaðist aðalssósíalisminn. Hann er hvorutveggja í senn: harmagrátur og hefndaróður. Hann lýsti jafnvel harminum yfir því horfna og lönguninni til að ná sjer aftur niðri á borgarastjóttinni. Oft kom hann óþægilega við kaun hennar, því hvorki skorti á beiskju nje hæðni. Samt gat ekki hjá því farið, að hann gerði sig hlægi-

¹⁾ 1832.

²⁾ Tímabilið 1815—1830 eftir sigur Sambandsliða yfir Napóleon og fram að júlíbyllingunni í Frakklandi.

legan fyrir það, hve gersneyddur hann var öllum skilningi á söguþróuninni.

Hann valdi sjer betlipokann að merki til að vinna sjer fylgi lýðsins. En í hvert skifti, þegar til skarar átti að skrifa, gæðist skjaldarmerki aðalsins upp úr pokanum, og lýðurinn hljóp brott með hæðnishlátri.

Skrípaleikur þessi var leikinn jöfnum höndum af nokkrum hluta frönsku konungssinnanna og unga Englandi.¹⁾

Þótt aðallinn geti sýnt fram á, að kúgun hans hafi verið önnur en hin borgaralega, gleymir hann að geta þess, að allt önnur skilyrði voru fyrir hendi, meðan hann var yfirstjett, sem nú eru fyrir löngu horfin. Og þótt hann sýndi fram á, að öreigalyðurinn hefði ekki verið til í þjóðfelagi hans, láðist honum samt að viðurkenna að borgarastjettinn væri einmitt afkvæmi þess.

Annars getur hann hulið afturhaldsanda sinn betur en svo, að hann finnur borgarastjettinni frammar öllu öðru það til foráttu, að hún sje að ala upp nýja stjett, sem muni sprengja í loft upp gamla skipulagið.

Og þó er það í hans augum ekki þyngsta

¹⁾ Aðalsmenn og rithöfundar í Englandi, þar á meðal lávarðarnir Manners og Ashley og rithöfundarnir Disraeli og Carlyle.

sök borgaralega þjóðfelagsins, þótt það hafi mynd- að öreigalyðinn heldur hitt, að hann skuli vera byltingarsinnaður.

Þegar á hólminn kemur, er hann því altaf reiðubúinn að beita verkalyðinn ofbeldi. Og þrátt fyrir allan sinn yfirborðshroka, hikar hann ekki við í daglegu lífi að skara eld að sinni köku og selja borgaranum trygð, ást og aðalsæru fyrir ull, rófur og brennivín.

Eins og klerkurinn og aðalsmaðurinn fylgdust að á fyrri tímum, fylgjast nú einnig að klerka-sósíalísmínn og aðalssósíalísmínn.

Ekkert er auðveldara en að gera kristilegan meinlætaliðnað á yfirborðinu ofurlítið svipaðan sósialísmánun. Hefir svo sem kristnín ekki einnig hamast móti eignarrjettinum, hjónabandinu og ríkinu? Hefir hún ekki predikað góðgerðasemi og beti, einlífi og sjálfspínungu, klausturlíðnað og kirkjusökun í þess stað? Í rauninni er kristilegi sósialísmínn þó ekkert annað en vígsluvatnið, sem klerkarnir stökkva á gremju aðalsmannanna.

b) Smáborgaralegi sósialísmínn.

Ljensaðallinn er ekki eina stjettin, sem borgarastjettina hefir steyp. Í borgaralega þjóðfelaginu hafa fleiri verið sviftar lífsskilyrðunum. Á undan borgarastjett nútímans fóru smáborgarar og smábændur

miðaldanna. Í löndum, sem skamt eru á veg komin, haldast þessar stjettir enn við hlið hins upp-vaxandi auðvalds.

Annarsstaðar, þar sem nútímanenningin er komin lengst, hefir myndast ný stjett smáborgara, sem hringla fram og aftur milli stórborgarastjettarinnar og öreigalýðsins og altaf haldast við sem stjett, enda þótt samkeppnin geri marga þeirra að öreigum. Aðrir nýjir koma í skarðið. En því meir sem atvinnufyrirtækin stækka, því nær dregur þeim degi, að smáborgararnir missi sína sjerstöðu sem stjett. Í stað þeirra koma þá launaðir eftirlitsmenn stórborgaranna í verzlun, iðnaði og landbúnaði.

Í löndum eins og Frakklandi, þar sem bændastjettin er meira en helmingur þjóðarinnar, var því ekki nema ofur eðlilegt, að rithöfundarnir, sem gerðust formælendur öreigalýðsins gegn stórborgarastjettinni, mældu alt með smáborgaralegum mælikvarða, og rjeðust á auðvaldið fyrst og fremst frá sjónarmiði smáborgara og smábænda. Þannig er smáborgaralegi sósíalísminn til kominn. Helsti formælendi hans er Sismondi, ekki einasta í Frakklandi heldur og í Englandi.

Stefna þessi sýndi með mikilli skarpskygni fram á ósamræmið í framleiðsluskipulagi nútímans. Hún fletti ofan af hagfræðingunum og öllum þeirra hræsnisfullu fegrunartilraunum. Hún sýndi ómót-

mælanlega fram á hin skaðlegu áhrif, sem vjelarnar og vinnuskiftingin hefðu haft í för með sjer, sam-söfnun auðmagnsins og jarðeignanna á fárra manna hendur, framleiðsluósjórnina og viðskiftakreppun-ar. Og með jafn traustum rökum sýndi hún fram á hina óhjákvæmilegu eyðingu smáborgara og smábændastjettarinnar, eynd öreigalýðsins, misskift-ingu auðæfanna, iðnaðarstríðið milli þjóðanna, upplausn gömlu siðanna, fjölskyldulífsins og þjóð-ernanna.

Smáborgaralegi sósíalísminn vill annaðhvort taka upp gömlu framleiðslu- og samgöngutækin og rjetta þá við gamla eignarrjettinn með því þjóð-fjelagsskipulagi, sem honum fylgdi, eða samrýma nýju tækin gömlu stjettaskipuninni, enda þótt þau væru löngu vaxin upp úr henni. Hvortvegja er jafn afturhaldssamt og óframkvæmanlegt.

Honum er það fyrir öllu öðru að halda við gömlu stjettunum: meisturum og sveinum í bæjum, óðalsbændum og hjúum í sveitum.

En það hefir setið við orðin ein. Áraðið vantaði er á átti að herða, og öll stefnan endaði í tömu vandlætingahjali.

c) Þýski eða „sanni“ sósíalísminn.

Bókmentir frönsku sósíalístanta og kommúníst-anna, sem til eru orðnar í baráttunni gegn kúg-

umarvaldi borgarastjettarinnar, bárust til Pýskalands, þegar borgarastjettinn þar var að byrja baráttuna gegn einveldinu og aðlinum.

Pýskir heimspekingar, heimspekisguttarar og rit höfundar gleypu við þessum bókmentum. En þeir gleymdu því, að franskir þjóðfjelogshagir höfðu ekki orðið ritum þessum samferða til Pýskalands.

Á þessu stigi áttu frönsku kenningarnar þar ekkert erindi. Þeirra varð og hvergi vart annarsstaðar en í bókmentunum. Þær gátu ekki komið fram þar öðruvísi en sem iðjuleysisgrufl yfir því, hvernig insta eðli mannsins ætti að fá að njóta sín. Í augum þýsku heimspekinganna á 18. öld urðu því kröfur frönsku stjórnarbyltingarinnar að kröfum »hinnar hagsýnu skynsemi«, vilja-ákvæði byltingarsinnuðu borgarastjettarinnar í Frakklandi að lögum hins hreina vilja eins og hann verður að vera — hins »sann-mannlega vilja«.

Starf þýsku rithöfundanna var því eingöngu í því fólgið að samrýma frönsku kenningarnar sinni gömlu heimspekissamvisku, eða rjettara sagt, til einka sjer þær frá heimspekilegu sjónarmiði.

Og þeir tileinkuðu sjer þær eins og venjulegt er um það, sem er á erlendri tungu, með því að þýða þær.

Það er alþekkt, að munkarnir skrifuðu smekklausar dýrlingasögur ofan í gömlu heiðnu hand-

ritin. Þýsku heimspekingarnir fóru öfugt að við þessar guðlausu bækur frönsku rithöfundanna. Þeir lögðu sitt heimspekisrugl til grundvallar fyrir þjóðfjelagskenningunum. Þar sem t. d. í frönsku ritunum var talað um peningamálin, fjölluðu hin þýsku um »uppgjöf mannlegs eðlis«, og árásir hinna fyrnefndu á borgaralega ríkisvaldið töldu þeir árásir á »afnámið á yfirráðum hins almenna yfirleitt« o. s. frv.

Þessa samsuðu úr heimspeki og frönskum vísindum kölluðu þeir »heimspeki framkvæmdanna«, »hinn sanna sósíalisma«, »þýsk-sósíalismavísindi« og »heimspekilega skýringu á sósíalismunum«.

Á þenna hátt tókst að gera bókmentir frönsku sósíalístanna að helberum hjegóma. Í höndum þýsku heimspekinganna hættu þær að vera vopn í stjettabaráttunni. Þar með þóttust þeir hafa yfirunnið frönsku öfgarnar og sett sannleiksþörfina í stað sannra þarfa. Og fyrir hagsmunum öreigalýðsins komu hjá þeim hagsmunir mannsins yfirleitt eða rjettara sagt mannsins, sem engri stjett tilheyrir, ekki heldur veruleikanum, og hvergi á heima nema í þokuhinni heimspekilegra heilabrota.

Þrátt fyrir alla sína heimsku og klaufastrik ljét þýski sósíalisminn harla stærilega. Smásaman fór þó af mesta gamanið.

Barátta þýsku og þó einkum prússnesku borg-

arastjettarinnar gegn ljensaðlinum og einveldinu, frjálslýnda hreyfingin með öðrum orðum; varð stóðugt magnaðri.

»Sanni sósíalísmínn« fjekk nú híð þráða tæki-færi til að bera fram kröfur sínar og bera þær saman við kröfur frjálslýndu hreyfingarinnar. Hann gat nú látið dýnja á henni skammírnar fyrir þing-stjórnarfyrirkomulagið, frjálసు samkepnina, borgara-lega rítfrelsið og rjettinn, borgaralegt frelsi og jáfnræði. Nú gat hann sýnt fjöldanum fram á, að í frjálslýndu hreyfingunni hefði hann ekkert að vinna en miklu fremur öllu að tapa. En hann gætti þess ekki, að franskí sósíalísmínn, fyrírnýndin, sem hann þó aldrei skildi, hafði með þessum kröf-um á borgaralegt þjóðfjelag, borgaralega framleiðslu-hætti og ríkísvöld. Hvorugt var ein til í Þýska-landi. Þar var einmitt um það að ræða að koma þessu á með því að styðja borgarastjettina í bar-áttunni við aðalínn.

En fyrir alt sítt flán varð nú þýskí sósíalísmínn að grýlu, sem þýsku einvaldsstjórnirnar og þeirra hýskí: klerkar og kennimenn, junkarar og em-bættismenn, notuðu gegn framsókn borgarastjettar-innar.

Það fór vel á því að þýskí sósíalísmínn veitti einveldinu þessa þjónustu og það launaði með svípuhóggum og byssukúlum í hvert skífti, sem

þýskí verkalyðurinn hreyfði hönd eða fót til að ná rjetti sínum.

En þar við sat þó ekki, að »sanni sósíalísmínn« yrði í höndum einveldisins að vopni gegn borg-arastjettinni, heldur barðist hann líka fyrir hags-munum afturhaldssamra þýskra smáborgara. Síðan á 16. öld höfðu þeir myndað grundvöll als þjóð-fjelagsskipulags í Þýskalandi.

Haldist þessi smáborgarastjett, helst einnig nú-verandi ástand í Þýskalandi. Hún veit hvað henn-ar bíður, ef stórborgarastjettin vinnur sigur á að-línum. Auðvaldið annarsvegar, öreigalyðurinn hins-vegar myndu þá fljótt fá ráðið niðurlögum hennar. En nú leist henni svo, að »sanni sósíalísmínn« mundi kyrkja þetta hvorutveggja í fæðingunni. Fyrir þá sök breiddist hann út á meðal smáborg-aranna rjett eins og farsótt.

Alt málskrautið og ræðutíldrið, öll angurbíðan og innleikinn, sem þýsku sósíalístarnir reifuðu sín »eílfu sannindi« í — gerði þau ennþá aðgengi-legri fyrir fólkið.

Þeim skildist það altaf betur og betur, að þeir væru kallaðir til að vera formælendur þýsku smá-borgarastjettarinnar.

Þeir lýstu því yfir, að þýska þjóðin væri ein-mitt eins og þjóðirnar ættu að vera, þýskí smá-borgarinn eins og maðurinn ætti að vera. Allar

hans svivirðingar vörðu þeir undir því yfirskini, að í þeim væri fólgin einhver huldur og háleit-ur sósíalismi. Þeir runnu skeiðið til enda og lýstu yfir því, að kommúnisminn væri ofbeldis og eyðingarstefna, en sjálfir væru þeir hafnir hátt yfir allan flokkarig og stjettabaráttu. Með mjög fáum undantekningum tilheyrja öll þau rit, sem talin eru sósíalístum og kommúnístum í Þýskalandi þessari auðvirðilegu hræsnisstefnu.¹⁾

2. Íhaldssósíalisminn eða borgaralegi sósíalisminn.

Nokkur hluti borgarastjettarinnar vill gjarna draga úr neyðinni til að halda við borgaralega þjóðfelaginu.

Par á meðal eru: sparsemispostular, mannvínir, góðgerðamenn, dýravínir, bindindismenn og umbótamenn á ýmsum öðrum sviðum. Kenningar þessara manna hafa jafnvel verið settar saman í heil kerfi.

¹⁾ Byltingarhreyfingin 1848 gróf gersamlega alla þessa stefnu og sviði hana öllum framtíðarmöguleikum. Aðalformælendi hennar og einkennandi fyrir hana var Karl Grün.

Til dæmis má nefna bók Proudhons, Philosophie de la Misère.

Borgaralegi sósíalisminn vill núttmaskípualagið án stjettabaráttunnar, sem upp af því sprettur. Hann vill borgaralega þjóðfelagið án byltingaraflanna, sem í því búa. Hann vill auðvald án öreigalyðs. Borgarastjettin heldur auðvitað, að hennar skipulag sje það besta, sem hugsanlegt sje. Og á þessari ímyndun reisir borgaralegi sósíalisminn sínar kenningar. Hann kreist í raun og veru einskis annars af öreigalyðnum en þess, að hann haldi áfram að búa við þetta skipulag og hætti að vera óánægður með það.

Önnur tegund borgaralega sósíalismans reynir að gera verkalýðinn fráhverfan hverskonar byltingarhreyfingu með því að telja honum trú um, að pólitískar breytingar yrðu honum að engu liði, að ekkert geti hjálpað annað en breytingar á efnalegum líffiskilyrðum. En með því er ekki átt við afnám borgaralega framleiðsluskipulagsins heldur smávægilegar umbætur á því. Það breytir því í engu afstöðunni milli auðmagns og launavinnu, en gerir borgarastjettinni í mesta lagi yfirráðin og ríkisbúskapinn ódýrari og auðveldari en áður.

Stefna þessi kemur fram í allri sinni dýrd í ræðuglamrinu hjá stjórnámálamönnum auðvaldsins.

Frjáls verslun fyrir verkalyðinn! Verndartollar fyrir verkalyðinn! Fangelsisklefar fyrir verkalyðinn! Þetta síðasta er hið eina, sem borgaralegi sósíalísmínn fer fram á fyrir verkalyðinn í fullri alvöru.

Borgaralegi sósíalísmínn felst í raun og veru allur í þeirri staðhæfingu, að borgararnir sjeu borgarar — atvinnurekendur fyrir verkalyðinn.

3. Hugvíts-sósíalísmínn og-kommúnísmínn.

Hjer er ekki um þær bókmentir að ræða, sem borið hafa fram kröfur öreigalyðsins í öllum stórbýltingum nútímans (rit Baboeufs o. s. frv.).

Fyrstu tílraunirnar til að koma fram kröfum sínum gerði öreigalyðurinn í borgaralegu býltingunni, þegar aðíinun var steypí. Þær hlutu að mishepnast vegna þess, hve óþroskaður hann var. Skilyrðin fyrir því, að hann gæti leyst sig af klafanum, voru enn ekki til. Þau mynduðust ekki fyr en á borgaralega tímabilinu. Þessar bókmentir öreigalyðsins hlutu því að verða afturhaldssamar. Það, sem þær fóru fram á, var almenn sjáltsafneitun og óframkvæmanlegur jöfnuður.

Fyrstu kerfin, sem sósíalísmínn og kommúnísmínn komu fram í, eru kend við St. Simon, Fourier, Owen o. fl. Þau koma fram í byrjunarstigi baráttunnar milli öreigalyðsins og borgarastjettarinnar,

sem þegar áður hefir verið lýst. (Sjá auðmenn og öreigalyður).

Formælendur þessara kenninga sjá að vísu stjettamótsetningarnar og býltingaröflin í ríkjandi þjóðfjlagsskipulagi. En þeir sjá hvorki það sögulega hlutverk, sem hvílir á herðum verkalyðsins nje þá stjörnámálastefnu, sem hann ber fram.

Þar eð þróun stjettamótsetninganna helst í hendur við iðnaðarþróunina, sjá þeir ekki heldur efnislegu skilyrðin, sem þarf til þess, að öreigalyðurinn geti öðlast frelsið. Fyrir þá sök reyna þeir að skapa þau með því að leiða í ljós einhver ný þjóðfjlagslögmál.

Í stað þjóðfjlagssþróunarinnar kemur hugvítt þeirra. Í stað sögulegu skilyrðanna fyrir frelsun verkalyðsins koma önnur, sem ekkert eru nema lofikastalar. Í staðinn fyrir þróun verkalyðshreyfingarinnar nýtt skipulag, sem ekki stendur í nokkru sambandi við hana, og hvergi á heima nema í þeirra eigin höfði. Í þeirra augum felst framtíðarsagan í því einu að útbreiða og framkvæma kenningar þeirra og skipulagsáætlanir.

Að vísu er þeim það ljóst, að þeir sjeu fyrst og fremst formælendur verkalyðsins vegna þess, að hann á við lökust kjör að búa. En þeir sjá aðeins eymd öreigalyðsins. Öflin, sem í honum búa, eru þeim hulin.

Sökum þess, að stjettabaráttan er enn í byrjun, vegna þess, að þeir eru sjálfir ekki verkamenn, halda þeir, að þeir sjeu hafnir yfir allan stjettamun. Þeir vilja bæta kjör allra, einnig þeirra, sem best eru staðdir. Þessvegna skjóta þeir altaf máli sínu til als þjóðfjelagsins og jafnvel fremur til efnadri stjettanna en hinna fátækari. Það nægir í þeirra augum, að menn skilji kenningar þeirra og áætlanir, þá sje öllum ljóst, að þar sje um að ræða besta þjóðfjelagsskipulagið, sem til sje.

Fyrir þá sök eru þeir á móti allri stjórn mála og umfram alt allri byltingarstarfsemi. Þeir vilja ná takmarki sínu á friðsamlegan hátt og reyna með smávægilegum tilraunum, sem auðvitað mistakast, að afla nýja skipulaginu viðurkenningar og brjóta því braut.

Þessi æfintýrlega lýsing á framtíðarþjóðfjelaginu sprettur upp af fyrstu óskinni og óljósu meðvitundinni, sem verkalýðurinn hefir um, að allir þjóðfjelagshagir muni í framtíðinni taka stórfeldum breytingum. En hann er ennþá skamt á veg kominn og þetta er fyrir honum eins og í þoku.

Í ritum þessara sósíalista og kommúnista er skörp skýrgreining á öllu þjóðfjelagsástandi vorra tíma. Að því leyti hafa þær mikinn fróðleik að geyma fyrir verkalýðinn. Það, sem þær segja um framtíðarskipulagið, til dæmis um afnám mótsetning-

anna milli bæja og sveita, afnám fjölskyldunnar, atvinnureksturs einstaklingsins og launavinnunnar; kaflarnir um samræmið í þjóðfjelaginu, ummyndun ríkisvaldsins í hreina atvinnumálastjórn — alt er þetta sprottið upp af meðvitundinni um það, að framtíðin hljóti að útrýma stjettamótsetningunum. Og þó eiga þær eftir að verða ennþá stórkostlegri. Þeir þekkja stjettabaráttuna aðeins á byrjunarstiginu. Og fyrir þá sök svifa allar þessar kenningar að meira eða minna leyti í lausu lofti.

Hugvits-sósíalísminn og hugvits-kommúnísminn falla fyrir veruleika söguþróunarinnar. Að sama skapi og stjettabaráttan magnast, missa þessar stefnur, sem vildu hefja sig yfir allan stjettamun og stjettabaráttu, smásaman alt sitt gildi. Og þótt höfundar þessara kenninga væru að mörgu leyti róttækir byltingarmenn, hafa lærisveinar þeirra endað með því að stofna afturhaldssöm leynifjölög. Þeir streitast með gömlum kenningum móti sögulegri þróun öreigalyðsins og reyna af alefli að draga úr stjettamótsetningunum með því að koma í veg fyrir stjettabaráttuna. Þeir ganga altaf með þá grýlu í höfðinu, að loks muni takast með tilraunum að koma á því þjóðfjelagsskipulagi, sem þá dreymir um, með því að stofna annaðhvort phalanstère, home-nýlendu eða íkaru ¹⁾ — smáútgáfur af Jerú-

¹⁾ Owen nefndi sameignarfjölög sín Home-nýlendur.

salem hinni nýju. Og til þess að geta komið upp þessum stofnunum verða þeir að skjóta máli sínu til manngæsku og peningþyngju auðmannsins. Smásaman lenda þeir á bekk með fhalds- og afturhaldssóðalistunum, sem áður hefir verið lýst, og hafa loks smámunasemina eina umfram þá ásamt ofstækistrúnni á undrahrif fjelagsvísinda sinna.

Þeir rísa því af heipt mikilli gegn verkalyshreyfingunni, sem í þeirra augum aðeins gat sprottið upp af megnustu vantrú á fagnaðarboðskap þeim, er þeir fluttu.

Í Englandi fordást Owenistarnir álíka Chartistana eins og Fourieristar í Frakklandi Reformistana.

Phalanstère er nafnið á samfjélögum þeim, er Fourier ráðgerði. Íkaria hjet sameignarlandið, sem Capet lýsti í aðalriti sínu.

Engels.

Afstaða kommúnista til framsóknarflokkanna.

Af því, sem sagt hefir verið í II. kafla er auðskilið, hverja afstöðu kommúnistar taka til verkamannaflokkanna, sem þegar eru til, Chartistanna í Englandi og landbúnaðarflokksins í Norður-Ameríku.

Kommúnistar berjast fyrir brýnustu hagsmunum og næsta takmarki verkalyðsins, en hafa þó jafnframt allaf framtíð hreyfingarinnar fyrir augum. Í Frakklandi ganga þeir í lið með sósíaldemokratiska floknum ¹⁾ gegn borgaraflokkunum, án þess þó að afsala sjer rjettinum til að fletta ofan af gömlum og úreltum byltingarkjörorðum og tálvonum þessa flokks.

Í Sviss styðja þeir gerbótaflokkinn, en gleyma því ekki, að í þeim flokki vinna saman hin sundurleitustu öil, bæði sósíaldemokratar, svipaðir þeim frönsku, og borgaralegir umbótamenn.

¹⁾ Helstu formælendur sósíaldemokratiska flokksins voru þá stjórnámálamaðurinn Ledru Rollin og rithöfundurinn Louis Blanc. Hann var þannig með öllu ólíkur flokki þýsku sósíaldemokratanna eins og hann er nú.

Engels.

Hjá Pólverjum styðja kommúnistar þann flokk, sem skoðar bændabyltinguna sem skilyrði fyrir sjálfstæði þjóðarinnar, sama flokkinn, sem hafði forystu fyrir uppreistinni í Krakau 1846.

Í Þýskalandi berst kommúnistaflokkurinn með borgarastjettinni jafnskjótt og hún vaknar til byltingarinnar móti einveldinu, aðlinum og gömlu smáborgarastjettinni.

En þeir sleppa þó engu tækifæri, sem gefst, til þess að vekja hjá verkamönnum sem allra skarpasta meðvitund um þær fjandsamlegu mótsetningar, sem eru milli verkalyðsins og borgarastjettarinnar, til þess, að þýsku verkamennirnir nottfæri sjer undir eins þau fjelagslegu og pólitísku skilyrði, sem fylgja yfirráðum borgarastjettarinnar, sem vopn gegn henni sjálfri, og baráttan milli verkalyðsins og borgarastjettarinnar hefjist undir eins og aðalsveldinu er lokið.

Athygli kommúnista beinist fyrst og fremst að Þýskalandi, af því að borgaralega byltingin hlýtur að brjótast þar út í nánustu framtíð. En byltingin kemur þar á hærra þróunarstigi en í Englandi á 17. og í Frakklandi á 18. öldinni. Öreigalyðurinn er þar miklu sterkari. Borgaralega byltingin í Þýskalandi hlýtur því í náinni framtíð að draga á eftir sjer öreigalyðsbyltinguna.

Í stuttu máli, kommúnistar styðja alstaðar sjer-

hverja byltingarhreyfingu gegn ríkjandi þjóðfjelagskipulagi.

Og í hverri hreyfingu, sem um er að ræða, er í þeirra augum eignarrjetturinn þungamiðjan, á hvaða stigi sem hann er.

Kommúnistar vinna loks í öllum löndum að sameiningu og samvinnu lýðræðisflokka.

Kommúnistar álíta sjer ekki sæmandi að leynd skoðunum sínum og áformum. Þeir lýsa því opinberlega yfir, að tilgangi þeirra verði aðeins náð í alsherjarbyltingu. Látum ríkjandi stjettimar skjálfa af ótta við kommúnistabyltinguna. Öreigarnir hafa þar engu að tapa öðru en hlekkjunum. En þeir hafa heilan heim að vinna.

Öreigar í öllum löndum, sameinist!